



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

## **Kjölur og lausblöðungar**

*Um undirbúning Bókmenntahátíðar í Reykjavík 2009  
og ritstjórn tvímála ljóðabókar*

**Ritgerð til M.A.-prófs**

**Stella Soffía Jóhannesdóttir**

**Desember 2009**

**Háskóli Íslands**  
**Íslensku- og menningardeild**  
**Hagnýt ritstjórn og útgáfa**

## **Kjölur og lausblöðungar**

*Um undirbúning Bókmenntahátíðar í Reykjavík 2009  
og ritstjórn tvímála ljóðabókar*

**Ritgerð til M.A.-prófs**

**Stella Soffía Jóhannesdóttir**

**Kt.: 250181-4269**

**Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir**

**Desember 2009**



## **Ágrip**

Eftirfarandi ritgerð skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er gerð grein fyrir störfum mínum fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík árið 2009 en þau störf voru hluti af meistaranámi mínu í Hagnýtri ritstjórn og útgáfu við Háskóla Íslands undir leiðsögn Gunnþórunnar Guðmundsdóttur. Sagt er frá undirbúningi hátíðarinnar, hvernig höfundum var boðið og hverju samskipti mín við þá fólust. Enn fremur er sagt frá framkvæmd hátíðarinnar og frágangi eftir hana.

Síðari hluti ritgerðarinnar er fræðileg umfjöllun um ritstjórn tvímála ljóðabókar, *Birtunnar í húminu*, sem kom út á vegum hátíðarinnar. Fjallað er um ljóðin í bókinni, einkenni þeirra og uppruna, og valið á þýðendum. Sagt er frá ritstýringu ljóðanna svo og lokafrágangi bókarinnar fyrir prentun.

## **Efnisyfirlit**

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>3</b>
<b>Inngangur</b>	<b>4</b>
<b>Fyrri hluti – Skýrsla um störf mín fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík</b>	<b>6</b>
Fundaseta	6
Skrif um höfunda	6
Textar frá höfundum	8
Samskipti við höfunda	9
Formleg dagskrá	12
Önnur dagskrá	14
Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla	15
Pappírsvinna: sérsniðin dagskrá fyrir hvern höfund	15
Dagskrárbreytingar	16
Að Bókmenntahátíðinni lokinni	17
<b>Seinni hluti – Um ritstjórn á ljóðabók</b>	<b>18</b>
Um Griffin-verðlaunin	18
Hlutverk Griffin-skálda á Bókmenntahátíð í Reykjavík	18
Hugleiðingar um ljóðabýðingar	19
<i>Birtan í húminu</i> : Um ljóðin	24
<i>Birtan í húminu</i> : Um þýðingarnar	27
Útlit ljóðabókar	32
<b>Lokaorð</b>	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>36</b>
Prentaðar heimildir	36
Viðtöl höfundar	36

## **Inngangur**

Lokaverkefni mitt í Hagnýtri ritstjórn og útgáfu fólst í starfsnámi við undirbúning Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Í fyrstu sá ég ekki hvernig slík vinna tengdist ritstjórn en sem almennur gestur á Bókmenntahátíðum fyrri ára hafði ég ekki tekið eftir neinni sérstakri útgáfustarfsemi henni tengdri. Ég sá hins vegar strax í júníbyrjun, þegar ég settist á skrifstofuna í Norræna húsinu þar sem Bókmenntahátíðin hefur aðsetur, að það leyndist í verkefninu heilmikil ritstjórn og einnig nokkur útgáfa, auk margra annarra þátta.

Bókmenntahátíð í Reykjavík er haldin að jafnaði annað hvert ár og var fyrst haldin í Norræna húsinu árið 1985 að frumkvæði Knuts Ödegaard, rithöfundar og þáverandi forstjóra Norræna hússins, og rithöfundanna Thors Vilhjálmssonar og Einars Braga. Fyrsta hátíðin hét reyndar Norræna ljóðlistarhátíðin. Til hátíðarinnar var boðið 21 skáldi frá Norðurlöndunum en auk þeirra komu sex þekkt skáld annars staðar frá, meðal annarra Seamus Heaney frá Írlandi sem fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1995. Síðan hafa komið á hátíðina ótal mörg stórskáld, rísandi stjórnur og minna þekktir höfundar sem margir hafa haft mikið fram að færa við íslenskt menningarlíf.

Hátíðin er einn helsti viðburður íslenska bókmenntasamfélagsins og þykir eftirsóknarverð á meðal erlendra höfunda en það er ekki síst vegna þess hversu smá hún er í sniðum. Í Reykjavík gefst erlendum höfundum færi á mikilli nálægð við lesendur sína en víða á stórum hátíðum erlendis næst ekki þessi nánd milli höfundar og lesenda vegna þess hversu fjölsótt viðkomandi hátíð er. Fámennið kemur sér þannig að mörgu leyti vel á viðburðum sem þessum.

Norræna húsið hefur verið vettvangur Bókmenntahátíðar frá upphafi og hefur samstarfið gefist vel. Húsakynnin eru að mörgu leyti mjög hentug undir viðburði eins og þá sem eru á Bókmenntahátíð, viðtöl og fyrirlestra, auk þess sem húsið sjálft er gersemi í borgarlandslaginu. Samstarfið við Iðnó, þar sem upplestrarkvöldin hafa farið fram, hefur einnig varað lengi og gengið vel.

Í stjórn Bókmenntahátíðar situr fólk úr íslensku bókmenntalífi og var einstaklega skemmtilegt fyrir sumarstarfsmanninn að fá innsýn í spennandi heim bókaútgáfunnar. Stjórnina skipa fulltrúar bóksala, bókaforlaga og rithöfunda auk annarra og má segja að ég hafi fengið að kynnast mörgum lögum hins íslenska bókabransa í störfum mínum í sumar. Stjórnarmenn fyrir Bókmenntahátíð árið 2009 voru Sigurður G. Valgeirsson formaður,

Halldór Guðmundsson, Einar Káráson, Þorgerður Agla Magnúsdóttir, Max Dager, Örnólfur Thorsson, Óttarr Proppé, Thor Vilhjálmsson, Sjón og Pétur Már Ólafsson. Þá voru stjórninni til aðstoðar tveir starfsmenn, auk mín, en það voru þau Hjalti Snær Ægisson og Kristín Ingvarsdóttir. Það var gott að geta leitað til þeirra þegar leysa þurfti einhver mál þessa viku sem Bókmenntahátíðin stóð yfir, 6.–12. september 2009.

Ritgerðin sem hér fer á eftir skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn er skýrsla um störf mín fyrir Bókmenntahátíðina. Þau snerust að miklu leyti um verkefnastjórnun, en það þurfti að halda utan ótal stór og smá atriði sem saman áttu að mynda vikulanga, vel heppnaða Bókmenntahátíð í Reykjavík. Einnig þurfti ég að skrifa töluvert og ritstýra sjálfri mér, sitja fundi og hafa samskipti við fjölmiðla auk þess að sinna öllum þeim verkefnum sem til féllu við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar.

Síðari hluti ritgerðarinnar er fræðilegur og fjallar um ritstjórn á tvímála ljóðabók. Eitt af verkefnum mínum í sumar var að ritstýra slíkri ljóðabók með verkum skálda sem komu á vegum hinna kanadíska Griffin-ljóðaverðlauna hingað til lands. Ljóð skáldanna voru öll á ensku og í bókinni *Birtan í húminu*, sem kom út á vegum Bókmenntahátíðar í byrjun september má lesa frumtextann og þýdda textann og bera saman. Fyrst er sagt frá Griffin-hópnum og því næst er fjallað um ljóðabýðingar. Fjallað verður um valið á ljóðunum frá Griffin-hópnum og val á þýðendum og hvernig þýðingunum var ritstýrt. Einnig verður fjallað um það sem viðkemur ytra útliti bókarinnar, vali á kápumynd og titli, umbrot og fleira.

## **Fyrri hluti – Skýrsla um störf mín fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík**

### **Fundaseta**

Ég kom til starfa fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík í júníbyrjun 2009. Í apríl hafði ég reyndar setið einn fund með stjórninni, en fundir höfðu verið haldnir mánaðarlega síðan í ágúst 2008. Stjórnarfundir voru ávallt haldnir í Norræna húsinu, heimahúsi hátíðarinnar.

Á fundum stjórnarinnar voru meðal annars teknar ákvarðanir um tímasetningu hátíðarinnar, hversu lengi hver gestur ætti að dvelja og, síðast en ekki síst, hvaða höfundum skyldi bjóða. Höfðu fyrstu boðsbréf þegar verið send út í október 2008. Ef höfundur afþakkaði boðið var fjallað um það og skeggrætt hvaða höfundum skyldi boðið í staðinn. Á fundunum voru einnig teknar ýmsar aðrar ákvarðanir er sneru að framkvæmd hátíðarinnar og var starfsmönnum falið að hrinda þeim ákvörðunum í framkvæmd.

Starfsmenn fóru yfir stöðu mála á fundunum og sögðu frá því sem hafði verið gert síðan síðast. Þá var fjallað um hvaða skref væri æskilegt að taka næst og hvort einhver vandkvæði hefðu komið upp við framkvæmdir. Ef starfsmenn sáu fram á að stjórnin gæti hjálpað með eitthvert atriði, var það rætt. Eftir á að hyggja hefðu starfsmenn vel getað nýtt sér þennan möguleika betur, sérstaklega þegar verkefni tóku að hlaðast upp í lok ágúst og byrjun september.

Eftir því sem leið á sumarið fjölgaði fundum og þegar hátíðin var á næsta leiti fundaði stjórnin hálfsmánaðarlega, en starfsmenn hittu auk þess formanninn mun oft og voru í reglulega sambandi sín á milli í tölvupósti og símleiðis.

### **Skrif um höfunda**

Eitt af mínum fyrstu verkefnum var að skrifa stutta kynningartexta um þá höfunda sem þegar höfðu þekkst boðið og áttu þeir að birtast á heimasíðu Bókmenntahátíðar<sup>1</sup> en einnig voru þeir notaðir í bækling hátíðarinnar. Mér telst til að ég hafi skrifað 72 texta um höfunda, 36 á íslensku og 36 á ensku, en um hvern höfund var fjallað í textum á báðum tungumálum. Inni í þessari tölu eru allir íslensku höfundarnir og allir erlendu höfundarnir að meðtöldum Griffin-hópnum frá Kanada sem nánar verður sagt frá í síðari hluta ritgerðarinnar.

Yfirleitt voru kynningartextarnir fljótskrifaðir eftir að búið var að finna upplýsingar um viðkomandi höfund. Ýmsar upplýsingar var að finna á heimasíðum og bókarkápum og

---

<sup>1</sup> Sjá: <http://www.bokmenntahatid.is>.



eitthvað vissi ég fyrir. Þessir textar höfðu að geyma þéttar upplýsingar þótt stuttir væru, en við skrifin hafði ég til hliðsjónar höfundatekta frá fyrri hátíðum og gat miðað við þá þegar ég ákvað lengd og umfjöllunarefnið. Textarnir voru yfirleitt ekki meira en 100 orð en það gaf rými fyrir knappa umfjöllun um uppruna, helstu verk og yrkisefni og þýðingar og verðlaun ef einhver voru.

Hér á eftir eru tvö dæmi um kynningartekta á erlendum höfundum. Það var mun auðveldara að finna upplýsingar um dönsku skáldkonuna Naju Marie Aidt en þýska rithöfundinn Henning Ahrens og má jafnvel lesa það út úr textunum:

**Naja Marie Aidt** (1963) er dönsk skáldkona sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2008 fyrir smásagnasafnið *Bavian* sem þegar hefur verið ákveðið að gefa út í átta löndum. Aidt er afkastamikill höfundur sem skrifar raunsæislegan og þokkafullan texta. Fyrsta bók hennar var ljóðsafnið *Så længe jeg er ung* sem kom út árið 1991 síðan hafa komið út ljóðasöfn, smásögur, kvikmyndahandrit, leikrit og barnabækur og hafa bækur hennar verið þýddar á nokkur tungumál. Aidt hefur hlotið fjölda styrkja og verðlauna og býr nú í Brooklyn í New York.

**Henning Ahrens** (1964) er þýskur rithöfundur, ljóðskáld og þýðandi. Hann las enskar bókmenntir og listasögu og lauk doktorsprófi árið 1995. Fyrsta ljóðabók hans, *Lieblied was kommt*, kom út árið 1998 og árið 2002 sendi hann frá sér fyrstu skáldsögu sína, *Lauf Jäger lauf!* Ahrens hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín og hefur nýjasta bók hans, *Provinzlexikon*, verið lofuð af lesendum og gagnrýnendum.<sup>2</sup>

Kynningartektar voru samþykktir á stjórnarfundum og settir inn á heimasíðuna. Textarnir voru prentaðir í dagskrárbækling nánast óbreyttir.

Bæði á heimasíðu og í bæklingi voru allir textar um höfundana einnig birtir á ensku í þýðingu minni en tekin var ákvörðun um að hafa þá ekki á fleiri tungumálum. Á heimasíðunni var fjallað stuttlega um hátíðina á dönsku og þýsku, en of tímafrekt hefði verið að skrifa um alla höfundana á þeim tungumálum að auki. Allar enskar þýðingar sem fóru á heimasíðuna og í bæklinginn voru lesnar yfir af kunnáttumanni sem kom með margar gagnlegar athugasemdir. Hér eru dæmi um sama texta og birtist hér að ofan, en á ensku að þessu sinni:

**Naja Marie Aidt** (b. 1963) is a Danish poet, novelist and short-story writer who was awarded the Nordic Council Literature Prize in 2008 for her short story collection *Baboon* which has already been sold to 8 countries. In 1991, she published her first book, a collection of poetry called *As Long as I'm Young*. She has since written children's books, poetry, short-stories, plays and film scripts. Aidt currently lives in Brooklyn, New York.

**Henning Ahrens** (b. 1964) is a German author, poet and translator. He studied English literature and art history and in 1998 published his first book of poetry, *Lieblied was kommt*. His first novel, *Lauf Jäger*

---

<sup>2</sup> <<http://www.bokmenntahatid.is/Apps/WebObjects/Bokmenntahatid.woa/wa/dp?id=1000049>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

*lauf!*, was published in 2002. Ahrens has received widespread recognition and won several awards for his works. His latest novel, *Provinzlexikon*, was published to critical acclaim in 2009.<sup>3</sup>

Eftir því sem leið á sumarið bættust við höfundar og voru textarnir um þá skrifaðir eftir hendinni og var ferlið við þær skriftir eins og lýst var að ofan.

## Textar frá höfundum

Þátttaka höfunda í Bókmenntahátíð fólst meðal annars í upplestri á eigin textum og fengu þeir sjálfir að ráða hvaða textar voru lesnir, hvort heldur ljóð eða prósi. Þeir réðu einnig í hvaða mynd þeir sendu textana, hvort heldur á Word-skjali, innskannað eða hvort þeir vísuðu í blaðsíðunúmer í tilteknum útgáfum. Sumir sendu meira að segja innbundnar bækur og merktu inn í bækurnar hvaða textabút þeir ætluðu til lestrar. Reyndar höfðu höfundar svo frjálssar hendur að þegar einn höfundanna bar upp þá hugmynd að mæla frásögn af munnni fram, var henni vel tekið og beiðnin samþykkt með þeim fyrirvara að túlkur fengist til að túlka jafnóðum á sviðinu í Iðnó.

Einu skilyrðin sem sett voru þegar höfundar voru beðnir um að senda texta var að textinn tæki ekki meira en fimmtán mínútur í flutningi. Við áttum erfiðara með að biðja höfunda um tiltekinn blaðsíðufjölda þar sem sumir lesa hratt en aðrir lesa hægt, sum tungumál eru fljótlesnari en önnur auk þess sem prósi er lesinn á allt annan hátt en ljóð svo dæmi séu nefnd.

Yfirleitt gekk vel að framfylgja þessum skilyrðum um tímaramma. Stundum fengum við þó alltof langan texta og voru þá tillögur um styttingu sendar höfundi. Í einhverjum tilvikum virtist valinn texti alltof stuttur og þegar við höfðum orð á því við höfunda voru þeir með skýringu á reiðum höndum. Þeir völdu viljandi stuttan texta en hugðust spjalla við áheyrendur til þess að fylla upp í mínúturnar fimmtán. Við gátum ekki annað en samþykkt það, enda lifandi og skemmtileg upplifun þegar höfundur ávarpar áheyrendur beint og samræmist vel þeirri nánd sem Bókmenntahátíð í Reykjavík er þekkt fyrir.

Tekin var ákvörðun um að hver höfundur læsi á móðurmáli sínu, eins og fyrri ár, og var mikil ánægja með það á meðal höfunda og áheyrenda. Höfundar hátíðarinnar í ár komu frá mörgum heimshornum og töluðu sumir hverjir spennandi tungumál. Áheyrendur gátu átt von á því að heyra lesið á afríska tungumálinu gikuyu, auk finnsku og færeysku svo dæmi séu nefnd. Til þess að höfundur gætu lesið á eigin tungumáli og áheyrendur skilið textann þurfti

<sup>3</sup> <<http://www.bokmenntahatid.is/Apps/WebObjects/Bokmenntahatid.woa/wa/dp?id=1000055>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

að láta þýða alla texta og var haft samband við nokkra þýðendur vegna málsins. Mjög auðvelt reyndist að útvega þýðendur í og úr ensku og einnig var auðvelt að nálgast þýðendur sem þýddu úr Norðurlandamálunum. Við vorum svo heppin að Forlagið vinnur að útgáfu bókar eftir finnsku skáldkonuna Sofi Oksanen og var þýðingin eitthvað komin af stað í sumar. Gátum við þá haft samband við þýðanda bókarinnar og fengið þá kafla sem Sofi Oksanen ætlaði að lesa á hátíðinni hjá honum.

Við áttum líka gott samstarf við Forlagið þegar kom að því að fá þýðingar á bókum sem þegar höfðu komið út á íslensku og sendu þeir okkur þýdda útgáfu bókarinnar á tölvu-tæku formi til að auðvelda allan frágang á þýðingunni.

Þegar kom að því að þýða texta fyrir íslenskan höfund úr íslensku yfir á ensku voru stundum til þýðingar en yfirleitt þó ekki þar sem í mörgum tilvikum var um að ræða alveg nýja bók. Ýmist fékk ég aðalþýðendur hátíðarinnar til verksins eða það viðkomandi höfund að nefna mér þann þýðanda sem hann vildi helst að leysti verkið af hendi. Í þeim tilvikum hafði sá þýðandi þýtt bækur eftir höfundana áður. Ég bar yfirleitt þýðinguna undir íslensku höfundana áður en gengið var frá henni endanlega fyrir upplestrarkvöldin.

Erlendir textar voru þýddir á íslensku en íslenskir textar voru þýddir á ensku. Var síðan þýðingunni varpað á skjá á meðan á upplestrinum stóð svo að flestir þeir sem komu til að fylgjast með gætu skilið það sem fram fór. Með þessu fyrirkomulagi komst þó merking textans ekki til skila hjá öllum gestum í salnum. Þar voru nefnilega einnig staddir erlendir gestir sem ekki skildu frumtextann, þegar lesið var á tungumálum eins og færeysku eða spænsku, og skildu heldur ekki íslensku þýðinguna.

Leysa hefði mátt þetta vandamál með því að dreifa enskum þýðingum þessara texta á blöðum þegar gestir settust í sæti sín. Tvöföld þýðing á skjávarpanum fyrir ofan sviðið hefði orðið allt of flókin í framkvæmd, auk þess sem tvöfalda þýðingin hefði dregið alla athyglina frá lesaranum. Texti á blaði hefði getað hjálpað áheyrendum mikið, þeir hefðu að minnsta kosti gert sér grein fyrir viðfangsefni þessa framandi texta sem var lesinn upp fyrir þá. Ákvörðun um að hafa ekki tvöfalda þýðingu á skjávarpa var tekin á undirbúningsfundi, en síðar var rætt um að heppilegt hefði verið að hafa þýðingu á dreifiblaði.

## **Samskipti við höfunda**

Eitt af stærstu verkefnum í sumar má segja að hafi falist í samskiptum við höfunda og aðra gesti hátíðarinnar. Þegar ég settist við skrifborðið í júníbyrjun var enn verið að senda út

boðsbréf. Boðsbréfið var staðlað og undirritað af Sigurði G. Valgeirssyni, formanni stjórnar. Eitt af verkefnum mínum var að senda nokkur slík boðsbréf og oft reyndist það þrautin þyngri því netföng eða símanúmer erlendra verðlaunarithöfunda liggja yfirleitt ekki á lausu og er sjaldnast að finna í símaskránni.

Til þess að ná sambandi við erlendan höfund byrjaði ég á því að senda póst á forlag viðkomandi höfundar og segja stuttlega frá Bókmenntahátíðinni í Reykjavík. Að því loknu bar ég upp erindið, sagðist vilja bjóða  $X$  á hátíðina og bað um hjálp við að komast í samband við hann. Yfirleitt var þessum bréfum svarað fljótt og vel, en stundum minnti ferlið á borð-tennisleik því erindi mitt var lengi að komast á áfangastað og ég þurfti sífellt að vera að útskýra það upp á nýtt fyrir mismunandi starfsmönnum forlaganna eða jafnvel umboðsmönnum.

Bréfi mínu var þó yfirleitt fljótt komið áleiðis til þess aðila sem hafði með mál höfundarins að gera. Sá skrifaði mér póst til baka og ýmist bauðst til þess að koma boðsbréfi áleiðis eða gaf mér beint samband við höfundinn. Eftir að boðsbréfið var sent af stað í tölvupósti tók það yfirleitt nokkra daga að fá svar, sem ýmist var jákvætt eða neikvætt, en stundum þurfti að vísu að ganga eftir svari. Þegar höfundur svaraði neitandi, þakkaði hann yfirleitt hjartanlega fyrir boðið, sagðist ekki komast vegna anna og bað um að fá að koma næst. Svo er spurning hvort ekki berist sama svar þegar höfundinum verður boðið aftur síðar!

Mun auðveldara var að hafa upp á íslensku höfundunum en þeim erlendu. Ólíkt þeim erlendu eru íslenskir höfundar margir hverjir í símaskránni. Ekki þurfti að fara í gegnum mörg lög af starfsmönnum forlaga til að komast að höfundunum, maður náði strax sambandi við þá sjálfa. Og ekki þurftu íslenskir höfundar neina sérstaka kynningu á Bókmenntahátíð í Reykjavík, þeir vissu yfirleitt allt sem þeir þurftu að vita fyrir fram og gátu svarað mjög fljótt hvort þeir vildu vera með eða ekki. Listinn yfir íslensku höfundana sem átti að bjóða að vera með var ákveðinn mun síðar en listi erlendra höfunda einmitt vegna þess að ferlið var allt mun styttra.

Íslensku höfundarnir þurftu rétt eins og þeir erlendu að láta vita hvaða texta þeir ætluðu að lesa. Stundum þurfti að ganga á eftir þeim, eins og erlendu höfundunum, en allir textar skiluðu sér í tæka tíð til þýðingar þótt stundum virtist tíminn vera dálítið knappur.

Höfundar sem höfðu svarað boði um þátttöku játandi voru beðnir að senda mynd af sér. Myndin var síðan notuð í allt kynningarefni um Bókmenntahátíðina, prentað efni og heimasíðu, og send til fjölmiðla. Sumir höfunda áttu engar opinberar ljósmyndir af sér og vísuðu okkur á ljósmyndara eða á forlagið sitt. Á heimasíðum einhverra forlaga eru til opin-

berar myndir af höfundum sem má nota við þessi tækifæri. Mikilvægast fyrir okkur var að passa að höfundarrétt myndanna og reyndi ég ávallt að láta nafn ljósmyndarans fylgja þegar ég sendi myndir til þriðja aðila eða setti inn á heimasíðu Bókmenntahátíðar eða á Facebook-síðu hátíðarinnar.<sup>4</sup>

Töluverður tími fór í flugmiðakaup fyrir höfunda og útgefendur við undirbúningsstörfín. Bókmenntahátíð var ekki í samstarfi við flugfélag eða ferðaskrifstofu og því kom það í minn hlut að gegna hlutverki ferðaskrifstofunnar. Áður en farseðill var keyptur bar ég dagsetningar undir höfundinn eða útgefandann. Yfirleitt stóðust allar dagsetningar sem ég og höfundurinn eða útgefandinn ákváðum í sameiningu en í einstaka tilvikum kom í ljós á síðustu stundu að viðkomandi hafði samþykkt dagsetningarnar umhugsunarlaust án þess að líta á þær. Stuttu fyrir brottför uppgötvaði hann að dagsetningin hentaði alls ekki og því þurfti að breyta í skyndi en sem betur fer uppgötvaðist allt svona í tæka tíð áður en bæklingurinn með dagskrá hátíðarinnar fór í prentun.

Dagsetningar og dvalartími hvers höfundar á Bókmenntahátíð í Reykjavík í ár skiptu miklu máli því hátíðin var með öðru sniði nú en oft áður. Árið 2007 bauðst höfundi að vera í heila viku en til þess að draga úr kostnaði var ákveðið að hver erlendur höfundur fengi að vera í fjóra daga og þrjár nætur. Sparnaðurinn sem fólst í þessu kom meðal annars fram í lægri upphæðum til dagpeninga (fjórir dagar í stað sjö) og færri gistinóttum (þrjár í stað sex). Útgefendum var boðið að vera í fjórar nætur og fimm daga og voru þeir allir staddir hér samtímis. Útgefendur fengu ekki greidda dagpeninga frá hátíðinni.

Samskipti við höfunda og útgefendur fóru fram í gegnum síma og tölvupóst fram að Bókmenntahátíð en það var gaman að geta tengt nafnið við raunverulegt andlit þegar fólkið var sótt út á flugvöll. Allir höfundar og langflestir útgefendur voru sóttir á flugvöllinn og keyrðir á hótél. Í bílferðinni gafst færi á að spjalla saman og voru þessar stundir oft hinar skemmtilegustu. Flestir höfundanna voru að koma til Íslands í fyrsta skiptið og spurðu starfsmenn hátíðarinnar í þaula út í íslenskt mannlíf og náttúru, efnahagsástandið og ýmislegt fleira, og þá var eins gott að hafa gáfuleg svör á reiðum höndum.

---

<sup>4</sup> Sjá: <http://www.facebook.com/pages/Bokmenntahatid-i-Reykjavik-The-Reykjavik-International-Literary-Festival/90753729726>.

## Formleg dagskrá

Þegar allmargir flugmiðar höfðu verið keyptir var hafist handa við að semja dagskrána. Starfsmenn hátíðarinnar gerðu drög að dagskrá og lögðu fram á undirbúningsfundi til umræðu. Allir erlendir höfundar komu í hádegis- eða síðdegisspjall í Norræna húsinu og allir höfundar, innlendir og erlendir, áttu að lesa upp í Iðnó. Miðað var við að fimm höfundar læsu á hverju upplestrarkvöldi í Iðnó, en þau voru haldin frá og með sunnudagskvöldi til og með föstudagskvöldi. Þegar búið var að raða þeim höfundum á daga sem voru þegar komnir með flugmiða, var hægt að kaupa flugmiða fyrir þá höfunda sem eftir stóðu og láta þeirra dvalartíma passa við eyðurnar í dagskránni.

Af þessum fimm höfundum sem lesa áttu á hverju upplestrarkvöldi í Iðnó reyndum við að hafa þrjá erlenda og tvo innlenda en það gekk reyndar ekki upp í öllum tilvikum. Þriðjudagskvöldið 8. september náðum við til dæmis ekki að manna kvöldið nema með tveimur erlendum og þremur íslenskum höfundum. Það kom þó ekki að sök því þetta kvöld voru á dagskránni alveg framúrskarandi höfundar og var hinn færeyski Jóanes Nielsen þeirra á meðal. Skemmst er frá því að segja að hann vakti gríðarlega athygli á hátíðinni.

Þegar flugmiðamál voru frágengin var hægt að ganga endanlega frá hótelpöntunum fyrir alla höfunda og útgefendur og átti hátíðin í samstarfi við tvö hótél í bænum. Höfundar voru settir á annað hótelið en útgefendur á hitt. Kom sú skipting ágætlega út, þótt að vísu bæri á því að einhverjir höfundar bæðu um að fá að skipta um hótél þegar á hátíðina sjálfa var komið. Slíkt getur verið tímafrekt og fór hálfur dagur í að koma höfundi af einu hóteli á annað.

Í Norræna húsinu voru viðtöl í hádegi og dagskrá síðdegis. Finna þurfti spyrta í viðtölin, sem ýmist fóru fram á ensku eða skandinavísku, og koma efni um höfundana til spyrilsins svo hann gæti kynnt sér viðmælanda sinn. Fyrir hvert höfundarviðtal útbjuggum við nafnaskilti með nafni höfunda og spyrta og sáum auk þess um að spyrill og viðmælandi kæmu á skikkanlegum tíma í Norræna húsið svo þeir gætu spjallað svolítið fyrirfram og ákveðið um hvað skyldi rætt.

Ýmist var talað við einn höfund eða tvo í hverju setti og voru þau frá hálf tíma upp í 45 mínútur. Fyrsta höfundarspjall dagsins var sett klukkan tólf á hádegi og það næsta hálf tíma síðar. Viðtöl við tvo höfunda voru sett klukkan tvö síðdegis en þau voru yfirleitt aðeins lengri en eins manns viðtölin.

Eftir spjallið fylgdum við höfundum niður í Bókakaffi Norræna hússins og Eymundsson sem var með aðstöðu í sýningarsölunum í kjallara Norræna hússins. Þar gat fólk fengið

bækurnar sínar áritaðar og spjallað við höfundana, auk þess sem starfsmenn hátíðarinnar sendu höfunda í viðtöl við fjölmiðla í salnum niðri.

Nokkrir viðburðir voru haldnir utan Norræna hússins og Iðnó í samstarfi við stofnanir innan Háskóla Íslands. Þannig stóð spænskan í Háskólanum til dæmis fyrir fyrirlestri Luis López Nieves eitt síðdegi og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur skipulagði fyrirlestur Ngugi wa Thiong'o í hátíðarsal HÍ. Þessir viðburðir voru hluti af eiginlegri dagskrá Bókmennta-hátíðar þar sem samstarf við Háskólann hefur alltaf verið gott og fyrirvarinn var nógu mikill til þess að hægt væri að hafa viðburðinn með í prentuðum bæklingi.

Höfundar voru beðnir að taka þátt í ýmsum öðrum viðburðum, halda fyrirlestra og fleira, en þeir viðburðir rötuðu þó ekki endilega inn í hina prentuðu dagskrá. Starfsmenn hátíðarinnar héldu utan um persónulega dagskrá hvers og eins höfundar og þurftu allar beiðnir um þátttöku í viðburði að fara í gegnum okkur til þess að enginn yrði tvíbokaður eða einhver ruglingur kæmi upp. Þá þurfti líka alltaf að liggja ljóst fyrir hvernig höfundar kæmist á áfangastað og til baka aftur.

Síðasti dagur hátíðarinnar var laugardagurinn 12. september og þann dag var dagskráin ansi þéttskipuð, málþing útgefenda var haldið um morguninn en eftir hádegið var skipulögð fjögurra tíma ljóðdagskrá Griffin-hópsins. Byrjað var að undirbúa útgefendamálþingið í byrjun ágúst með því að hafa samband við þá útgefendur sem væntanlegir voru á hátíðina og kalla eftir erindum frá þeim. Miðað var við að hafa sex fimmtán mínútna erindi á tveimur klukkustundum með stuttu kaffihléi í miðri dagskrá.

Morguninn sem málþingið var haldið útbjó ég kynningu á erindunum og prófaði tölvu og hljóðnema ásamt húsverði Norræna hússins. Tímaramminn var töluvert strangur þennan laugardag og brýndi ég fyrir útgefendum að fara ekki fram yfir tímann. Hléið varð jafnframt að haldast innan tímarammans. Eitt af verkefnum fyrir málþingið var útvega kaffi og kruðerí til þess að bjóða í hléinu og fengum við það fyrir tilstuðlan íslenskrar kaffibrennslu.

Eftir að málþingi útgefenda lauk upp úr klukkan tólf tók við klukkutímabúna. Hana gat ég notað til að sinna ýmsum brýnum hlutum fyrir Griffin-ljóðadagskrána sem átti að hefjast klukkan eitt. Ég hafði það oft á tilfinningunni að tíminn liði óvenjuhratt þessa viku sem Bókmenntahátíðin stóð yfir og þetta klukkutímahlé á milli dagskrárliða leið á örskotsstundu svo mér gafst aðeins færi á að ganga frá örfáum atriðum áður en næsti dagsskrárliður hófst.

Griffin-dagskráin hafði verið skipulögð með löngum fyrirvara í samstarfi við Griffin-hópinn. Starfsmaður hópsins hafði látið senda ýmsa muni á skrifstofuna í Norræna húsinu

sem nota átti á dagskránni og á þessari klukkustund á milli atriða í hádeginu var öllu stillt upp fyrir dagskrána. Bæklingum var raðað upp, púlti komið fyrir og tæknin prófuð, en varpa átti ljóðapýðingum á skjá á meðan á upplestri stóð. Griffin-skáldin komu tímanlega og þurfti að stjarna svolítið við þau, panta drykki á veitingahúsinu og færa þeim inn í salinn og fleira.

## **Önnur dagskrá**

Í ágúst var byrjað að skipuleggja opnun, móttökur og lokahóf hátíðarinnar. Opnunina þurfti að skipuleggja vel og með góðum fyrirvara því þar skyldi flytja ávörp. Ég hafði samband við skrifstofu borgarstjóra og skrifstofu menntamálaráðherra og bað um ávörp og eins voru forstöðumaður Norræna hússins og einn nefndarmanna í stjórninni beðnir að ávarpa samkomuna. Þessi ávörp voru þýdd og þýðingum varpað á skjá á opnuninni. Fyrir opnunina þurfti að senda út boðskort og var meðal annars hægt að styðjast við boðslistann frá hátíðinni árið 2007 við samningu nýja listans.

Þrjár móttökur voru skipulagðar í hátíðarvikunni og voru boðsbréf send út í þær allar. Skipulagning þessara viðburða fólst aðallega í tímasetningu, en eftir að staður og stund hafði verið ákveðinn fluttist skipulagningin úr mínum höndum og í hendur þess sem hélt móttökuna. Það var töluvert þúsulspil að skipuleggja móttökurnar því margir komu að þeim. Þá voru auk þess höfundar Bókmenntahátíðar sérlega eftirsóttir og margir aðilar vildu halda þeim móttökur en vegna þess að móttökurnar voru þrjár, en ekki fjórar eins og árið 2007, var brugðið á það ráð að biðja aðila að sameina krafta sína. Þannig buðu til dæmis Rithöfundasamband Íslands og þýska sendiráðið í Reykjavík til móttöku í sameiningu sem heppnaðist afar vel.

Öllum þátttakendum hátíðarinnar var boðið í ferð að Gullfossi, Geysi og Þingvöllum. Skipulagning ferðarinnar fólst í að útvega farkost og leiðsögumann, panta mat fyrir allan hópinn á veitingahúsi á leiðinni og loks að sjá út hversu margir ætluðu að fara. Þá þurfti líka að sjá til þess að einhverjir á vegum stjórnarinnar færu í ferðina og héldu utan um hópinn á meðan á ferðinni stóð, en starfsmenn hátíðarinnar gátu ekki séð af heilum degi frá störfum vegna anna.

Lokahóf fyrir gesti var skipulagt í samstarfi við Dill Restaurant í Norræna húsinu. Ekki voru send út boðskort í hófið heldur var hringt til boðsgesta og þeir beðnir um að staðfesta þátttöku símleiðis. Þegar fjöldi gesta lá fyrir var fundað með aðstandendum veitinga-



staðarins, borðaröðun ákveðin og fleira. Samband var haft við hljómsveit og beðið um tilboð í tónlistarflutning í lokahófinu.

## **Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla**

Fram að Bókmenntahátíð var heimasíðunni haldið úti með stuttum fréttum um væntanlega höfunda og kynningartextum. Þegar leið á sumarið var búin til Facebook-síða sem var uppfærð reglulega og var þannig hægt að gerast aðdáandi Bókmenntahátíðar á Facebook. Hugað var að ýmsum leiðum í auglýsingamálum, hugmynd að stóru skilti úti við Hringbraut kom fram, og samstarf við Lesbók Morgunblaðsins var ákveðið. Rás 1 tók upp langflest höfundaviðtöl og upplestra og fjallaði um viðburðina í Víðsjá.

Útlit bæklinga, póstkorta og veggspjalda var ákveðið í samráði við grafískan hönnuð sem setti síðan upp tvo bæklinga, enskan og íslenskan, sem höfðu að geyma ávarp, dagskrá og allt kynningarefni um höfunda. Bæklingum, póstkortum og veggspjöldum var dreift víða um bæinn.

Í lok júní var send út fréttatilkynning til helstu fjölmiðla þar sem höfundar hátíðarinnar voru kynntir og í kjölfarið birtist umfjöllun í Lesbók. Önnur fréttatilkynning var send út stuttu áður en hátíðin hófst og einnig var unnið að því að fá leyfi höfunda fyrir símaviðtölum Lesbókar. Lesbókin birti síðan viðtölin laugardaginn 5. september 2009, daginn áður en hátíðin var sett.

Fjölmiðlar fengu ýmist höfunda í viðtöl til sín eða tóku viðtölin í Norræna húsinu. Í fyrra tilvikinu sáu starfsmenn hátíðarinnar um að koma höfundi á áfangastað og til baka aftur en í síðara tilvikinu báðum við þá að vera tiltæka á ákveðnum tíma.

## **Pappírsvinna: sérsniðin dagskrá fyrir hvern höfund**

Eftir því sem nær dró fyrsta degi Bókmenntahátíðar jukust verkefnin jafnt og þétt. Búa þurfti til lista yfir komutíma allra gesta og gera áætlun um hver ætti að sækja hvern. Þá þurfti einnig að semja bréf til allra höfunda með ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir Íslandsförina, meðal annars hvað þeir þyrftu að taka með sér og við hverju þeir mættu búast.

Hver útgefandi og erlendur gestur fékk í hendur möppu við komuna til Keflavíkur. Mappan hafði að geyma gagnlegan fróðleik um hátíðina og Reykjavík, dagskrá hátíðarinnar sem og dagskrá yfir móttökur og fleira sem ekki kom fram í opinberu dagskránni. Hver gestur fékk sérsniðna útgáfu af sinni dagskrá þar sem fram komu nákvæmar tímasetningar

yfir alla þá atburði sem hann þurfti að taka þátt í, en þessi dagskrá var mjög mismunandi á milli gesta þar sem dvalartími fólks var misjafn.

Ýmis atriði í sambandi við einstaka dagskrárliði voru útfærð betur á tíðari stöðufundum og stjórnarfundum. Samband var haft við ýmsa aðila sem þurftu að koma að dagskránni með beinum eða óbeinum hætti. Þar var til dæmis um að ræða íslenska útgefendur til þess að koma á fundum þeirra og erlendra útgefenda, dagskrárgerðarmenn hjá RÚV (upp-tökur og bein útsending), starfsmenn forlaganna (ýmis atriði tengd komu höfundanna), veitinga- og tæknifólk hjá Iðnó (drykkir og ýmis tæknileg atriði), Rithöfundasambandið og þýska sendiráðið á Íslandi vegna móttöku í Gunnarshúsi, Menntamálaráðuneyti vegna móttöku í Þjóðmenningarhúsi, Skrifstofu forseta Íslands vegna móttöku á Bessastöðum, sendiráð Kanada á Íslandi vegna móttöku í Bókakaffi Norræna hússins og veitingamenn hjá Dill Restaurant vegna opunar og lokakvöldverðar. Þá vorum við í sambandi við færeysku sendiskrifstofuna á Íslandi og danska sendiráðið og finnska sendiráðið vegna ýmissa mála sem tengdust komu höfunda frá viðkomandi löndum.

## **Dagskrárbreytingar**

Eins og gengur stóðst dagskráin ekki fullkomlega. Höfundar afboðuðu sig á síðustu stundu vegna forfalla eftir að dagskráin var prentuð og finna varð lausn á þeim vandamálum sem upp komu. Griffin-hópurinn reyndist happafengur þegar kom að því að finna staðgengla fyrir þau þrjú skáld sem afboðuðu komu sína. Í hópnum eru frábær ljóðskáld sem voru tilbúin til að hoppa óforvarendis inn í dagskrá upplestrarkvöldanna í Iðnó, en upphaflega var þeim ætlað að koma eingöngu fram á ljóðalaugardeginum. Það var frábært að eiga samstarf við þennan hóp í þessum málum sem og öðrum.

Hljómsveitin Baggalútur ásamt Megasi kom einnig óvænt inn í dagskrána í Iðnó í stað höfundar sem forfallaðist. Hljómsveitin hafði þá nýverið gefið út geisladisk með lögum við ljóð Káins og spilaði efni af þeim disk. Vegna þessa þurfti að gera nokkrar ráðstafanir, til dæmis kynna breytinguna sérstaklega í útvarpi og á heimasíðu auk þess sem hljómsveit kallar á töluvert aðra uppsetningu á sviði heldur en rithöfundur og því þurfti að hafa samband við tæknimann Iðnó vegna útfærslu á hljóðprufum og fleiru.

## **Að Bókmenntahátíðinni lokinni**

Bókmenntahátíð í Reykjavík árið 2009 lauk laugardagskvöldið 12. september. Síðustu verkefni starfsmanna hátíðarinnar daginn þann voru að panta leigubíla fyrir hátíðargesti, en langflestir þeirra gesta sem enn voru staddir í Reykjavík í lokahófinu áttu bókað far til sinna heimahaga strax daginn eftir. Eftir að leigubílamálin voru komin á hreint gátu starfsmenn slappað af það kvöldið.

Daginn eftir hófst vinna við frágang. Sem ljósmyndari hátíðarinnar þurfti ég að fara yfir myndir í hundruðatali af sérhverjum viðburði hátíðarinnar, og þótt næturnar í hátíðarvikunni hafi sumar farið í myndvinnslu gafst einfaldlega ekki tími til þess að birta nýjar myndir alla morgna vikunnar. Frágangsvinnan fólst einnig í verkum eins og bókhaldsvinnu, tiltekt á skrifstofu, þakkarbréfaskrifum og fundahöldum. Þegar þessi orð eru skrifuð, í lok október, eru enn nokkrir lausir endar sem verið er að hnýta en ljóst er að hátíðin verður fullfrágengin innan tíðar.

Verkefni mín tengd Bókmenntahátíð í Reykjavík voru ótrúlega fjölbreytt eins og lesanda má vera ljóst og lærði ég mikið af sumarstarfinu. Skipulagsvinna var drjúgur hluti vinnunnar en þegar allt kom til alls snerist starfið að mestu leyti um mannleg samskipti. Starfsmenn hátíðarinnar voru tengiliðir höfunda, útgefenda, undirbúningsnefndar, fjölmiðla og allra annarra sem að hátíðinni komu og tel ég að okkur hafi tekist nokkuð vel upp sem slíkir. Að minnsta kosti var ánægjan með hátíðina mjög almenn meðal höfunda, útgefenda og gesta.

## **Seinni hluti – Um ritstjórn á ljóðabók**

### **Um Griffin-verðlaunin**

Á Bókmenntahátíð í Reykjavík kom hópur skálda á vegum hinna kanadísku Griffin-ljóða-verðlauna. Í föruneypinu voru meðal annarra Scott Griffin, upphafsmaður verðlaunanna, A. F. Moritz, annar verðlaunahafa ársins 2009, og hópur vörslumanna sjóðsins (e. trustee), eða stjórnarmeðlimir Griffin-sjóðsins, en þann hóp skipa stórskáld á borð við Michael Ondaatje og Margaret Atwood.

Stofnað var til ljóðaverðlaunanna árið 2000 til þess að auka veg og vanda ljóðsins og minna á mikilvægi þess í menningarlífinu. Verðlaunin eru veitt árlega og skiptast í tvo flokka, alþjóðlegan og kanadískan, og nema verðlaunin í hvorum flokki fyrir sig 40.000 Kanadadollurum.<sup>5</sup> Eru Griffin-verðlaunin þar með stærstu einstöku verðlaunin í heiminum sem veitt eru fyrir frumútgáfu á ljóðasafni á ensku.<sup>6</sup> Skilyrði sem bók þarf að uppfylla til þess að mega vera lögð fram eru af ýmsu tagi, ljóðabók er til dæmis skilgreind sem ritsmíð lengri en 48 blaðsíður og þarf textinn að vera á ensku en það mega vera ljóð sem þýdd eru á ensku.<sup>7</sup> Ljóðaverðlaunin umbuna þýðendum bókanna mjög, en samkvæmt reglum verðlaunanna hlýtur þýðandi sigurbókarinnar, ef bókin er þýdd, þrjá fimmtu verðlaunanna en skáldið sjálft hlýtur tvo fimmtu.<sup>8</sup> Segir þessi skipting ýmislegt um viðhorf forsvarsmanna Griffin-verðlaunanna til hlutverks þýðandans sem er ekki síður veigamikilið fyrir bókina en höfundur ljóðanna. Af skiptingu verðlaunanna að dæma má jafnvel færa rök fyrir því að þýðandinn sé mikilvægari en sjálft skáldið.

### **Hlutverk Griffin-skálda á Bókmenntahátíð í Reykjavík**

Griffin-skáldin komu til Bókmenntahátíðarinnar á öðrum forsendum en aðrir gestir. Það var Griffin-hópurinn sem átti frumkvæðið að komu sinni en hópurinn gerir töluvert af því að taka þátt í bókmenntahátíðum fyrir utan Kanada og felst þátttaka þeirra einmitt í ljóðaupplestri á þeim hátíðum líkt og Griffin-hópurinn stóð fyrir í Reykjavík.

<sup>5</sup> Upphæð sem svarar rúmum 4,7 milljónum íslenskra króna á gengi dagsins (6. nóvember 2009).

<sup>6</sup> <<http://www.griffinpoetryprize.com/history.php>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

<sup>7</sup> <<http://www.griffinpoetryprize.com/rules.php?t=4#a4>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

<sup>8</sup> <<http://www.griffinpoetryprize.com/rules.php?t=1#a1>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

Þátttaka sumra Griffin-skálda var þó með líkum hætti og annarra skálda á hátíðinni, til dæmis var Michael Ondaatje í viðtali í Norræna húsinu og nokkur skáldanna tóku þátt í upp-lestrarkvöldi í Iðnó, en vegna forfalla þriggja höfunda á síðustu stundu var gripið til þess ráðs að bjóða nokkrum Griffin-skáldum að lesa einnig í Iðnó, sem þau samþykktu góðfúslega að gera. Aðaldagskrá Griffin-hópsins var þó ljóðalaugardagurinn 12. september sem fjallað var um í fyrri hluta þessarar ritgerðar.

Griffin-hópurinn átti frumkvæðið að því að gefa út ljóðabók með þýðingum á þeim ljóðum sem lesin voru á hátíðinni en stjórn Bókmenntahátíðar var falið að útfæra verkið nánar. Voru í framhaldinu teknar ákvarðanir um útgáfuna, hvernig skyldi gefa út og með hvaða hætti efnið yrði sett fram, en ákveðið var að hafa ljóðabókina tvímála. Enski frumtextinn yrði vinstra megin á opnu og hinn þýddi íslenski texti yrði hægra megin. Þannig gæti lesandi bókarinnar lesið saman frumtexta og þýdda textann.

Í köflunum sem hér fara á eftir verður nánar fjallað um ljóðapýðingarnar, hvernig ljóðin og þýðendurnir voru valin og tvímála ljóðabækur en fyrst verður þó fjallað almennt um þýðingar og þá einkum ljóðapýðingar.

## **Hugleiðingar um ljóðapýðingar**

Bókmenntapýðingar eru í eðli sínu umdeilanlegar því þar birtist skilningur þýðandans á verkinu og sá skilningur er ekki endilega allra. Þýðandinn er eins og hver annar lesandi. Hann túlkar frumtexta höfundar og birtir með þýðingunni persónulega túlkun á honum. Lesendur þýðingarinnar sjá eingöngu túlkun þýðandans á verkinu en þar með má segja að þýðandinn sé orðinn höfundur, eða að minnsta kosti meðhöfundur, textans.

Þýðing er að mörgu leyti flóknara verk en sjálfur frumtextinn. Að þýðingunni standa tveir höfundar: höfundur þýðingar og höfundur frumtexta. Innan þýðingafræðinnar er jafnan talað um boðskiptakeðju til þess að lýsa för textans frá höfundi til lesanda. Boðskiptakeðjan (sendandi–skilaboð–viðtakandi=höfundur–texti–lesandi), sem í venjulegum lestri er einföld, er samkvæmt þýðingafræðinni tvöföld í þýðingu og fær þýðandinn þar tvö hlutverk. Hann kemur bæði fram sem viðtakandi í hlutverki lesandans og sem sendandi í hlutverki höfundar þýðingarinnar.<sup>9</sup>

---

<sup>9</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996, bls. 103.

Þýðandanum er þannig ekki gerlegt að vera ósýnilegur í þýdda textanum því túlkun hans mun ávallt skila sér inn í bókmenntaverkið. Þýðandinn er ekki viljalaus vél en þó eru honum nokkur takmörk sett, honum leyfist yfirleitt ekki að túlka textann mjög frjállega og verður að halda sig við efnið ef verkið á að teljast sem þýðing. Fari þýðandi yfir ótilgreind mörk mætti hugsanlega segja að það sé undir áhrifum frá frumtextanum, en ekki beinlínis þýðing á honum. Ástráður Eysteinnsson bendir á að þýðing verði að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að hægt sé að kalla hana þýðingu. Þýdda verkið verði að búa yfir „vissri samkvæmni sem hliðstæða og fulltrúi frumtextans en geti jafnframt staðið sem sjálfstæður og fullgildur texti á sínu tungumáli“.<sup>10</sup>

Ljóðabýðingar eru ekki síður vandmeðfarnar en aðrar bókmenntaþýðingar og geta þær valdið miklum heilabrotum á meðal þýðenda. Er spurning um að ná fram heildaráhrifum ljóðsins eða á að þýða það frá orði til orðs? Hafa ljóðabýðendur leyst þetta á ýmsan máta, sumir hafa þýtt frá orði til orðs en aðrir hafa reynt að fanga stemningu ljóðsins og þannig jafnvel náð að yfirfæra merkinguna yfir á nýjan raunveruleika með ólíku orðavali og uppsetningu sem hentar markmálinu, þýdda textanum, best.

Ástráður segir eftirfarandi um ljóðabýðingar í *Tvímælum*:

Í ljóðabýðingum er spurningin oft sú hvort stuðst skuli við ljóðlínu sem þýðingareiningu eða hvort víkja megi orðum milli lína eftir hentugleikum. Lengd línu skiptir þá að sjálfsögðu einnig máli, sem og bragur og ljóðstíll. Sé ljóð samsett úr fleiru en einu erindi, verður ljóðabýðandi að ákveða hvort einstök erindi séu ævinlega sérstakar einingar, eða hvort hann getur leyft sér að flytja eitthvað á milli erinda. Jafnframt getur ákveðið myndmál í ljóði myndað einingu sem þýðandi vill varðveita þótt það kosti rask í formgerð ljóðsins að öðru leyti.<sup>11</sup>

Val þýðandans á aðferð byggist á túlkun hans á ljóðinu en hlýtur líka að fara eftir málvenjum og málsniði eigin tungumáls en einnig mætti hugsa sér að menningarlegar skírskotanir eða tilvísanir, sem þýðandi þekkir úr eigin tungumáli, hafi áhrif á það hvernig ljóðið er þýtt. Þýðandi erlends ljóðs hlýtur þannig að vera mótaður af ljóðahefð eigin tungumáls sem stýrir að nokkru leyti þýðingu hans.<sup>12</sup>

Þýðing Jónasar Hallgrímssonar á *Álfareið* („Stóð ég úti í tunglsljósi“) eftir Þjóðverjann Heinrich Heine er kunn hverju mannsbarni á Íslandi. Þýðingin er svo samgróin íslenskrri menningu að gera má ráð fyrir að margir haldi að þýðing Jónasar sé hið upphaflega ljóð. Helgi Hálfðanarson hefur fjallað um þýðingu Jónasar á þessu ljóði og öðrum ljóðum Heines

---

<sup>10</sup> Sama, bls. 146.

<sup>11</sup> Sama.

<sup>12</sup> Sama, bls. 151-152.

og sýnt hvernig Jónas aðlagar ljóðin að íslenskri menningu og málhefð og er þannig greinilega mótaður af íslenskri ljóðahefð.

Helgi bendir á að Jónas breyti iðulega um hátt kvæðanna í þýðingu og að hann „virðist hafa skilið það öðrum betur, að hinir lipru og voðfelldu bragir Heines, sem geta virzt svo vandalitlir, krefjast einmitt þess frelsis, sem einungis frumkveðinn skáldskapur getur veitt“.<sup>13</sup> Þannig má segja að Jónas taki að sér að yrkja Heine upp á nýtt, í það minnsta breytist margt í meðförum þýðandans og andi ljóðsins verður allur annar heldur en hjá ljóðskáldinu sjálfu. Helgi segir þýðinguna bera allt annan svip heldur en upphaflega ljóðið, enda sé Jónas „skáld ljóss og lita,“ og að í tunglsljósi Jónasar sé lítið að finna „af þeim dularfulla geig, sem hríslast um svo mikið af þess konar kveðskap Þjóðverja“.<sup>14</sup> Helgi ber nákvæmlega saman frumtexta nokkurra ljóða Heines og þýðingar Jónasar á þeim og finnur fjöldamörg dæmi þar sem mun bjartara er yfir þýðingunni heldur en drungalegum og rómantískum texta Heines.

Helgi Hálfðanarson fjallar einnig um þýðingar í erindinu „Ögn um þýðingar“ og segir þýðanda leita að „[...] samsvörun um *merkingu* og samsvörun um *stíl* [...]“.<sup>15</sup> Til þess að styðja þessa fullyrðingu ræðir Helgi um orðanna hljóðan, en það er að hans mati ekki nóg fyrir þýðanda að fletta upp í orðabók og finna það orð sem kemst næst upprunalega orðinu í merkingu heldur verði að huga að hljómi orðsins, aukamerkingum og áhrifum „[...] sem bundin eru staðháttum heimalands eða sögu, skáldskap og þjóðlífi“.<sup>16</sup>

Helgi bendir á í greininni að frumtextinn sé alltaf lagður til grundvallar þýðingunni og geri starf þýðandans erfitt, á meðan hann vinnur að þýðingunni og ekki síður eftir að verkinu er lokið. Þýðandinn verði að sætta sig við að hin fullkomna þýðing sé ekki til, því „það sem sagt er á einu máli, verði ekki sagt hið sama á neinu máli öðru“.<sup>17</sup> Með því á Helgi við að áhrifin sem koma fram við lestur frumtextans komi ekki fram í þýðingunni og nefnir sem dæmi að til þess að skilja Njálu til hlítar verða menn helst af öllu að kunna íslensku eða hreinlega vera Íslendingar.<sup>18</sup>

Þorsteinn Gylfason andmælti reyndar kröfu Helga um áhrifafangildi frumtexta og þýðingar. Þorsteinn gerði ekki kröfu um sömu áhrif frumtexta og þýðingar því hann sá „enga

---

<sup>13</sup> Helgi Hálfðanarson, „Heilsaði hún mér drotningin,“ *Molduxi*, Reykjavík: Mál og menning, 1998, bls. 84-96, hér bls. 85.

<sup>14</sup> Sama, bls. 88.

<sup>15</sup> Helgi Hálfðanarson, „Ögn um þýðingar,“ *Molduxi*, bls 133-138, hér bls. 133.

<sup>16</sup> Sama, bls. 134.

<sup>17</sup> Sama.

<sup>18</sup> Sama

leið til að tilgreina áhrif frumkvæðisins“.<sup>19</sup> Þar kemur einmitt að túlkun lesandans, það er engin leið að segja fyrirfram hver áhrif texta séu, þau eru jafnmismunandi eins og lesendurnir eru margir, og vandi þýðinganna er einmitt að hluta til sprottinn af þessum ólíku viðtökum lesenda.

Fleiri ljóðapýðendur notuðu þessa aðferð að gjörbreyta formi og jafnvel innihaldi texta, staðanöfnum og fleiru.<sup>20</sup> Minna fer fyrir svona breyttum þýðingum nú á dögum, enda er mun minna um það en áður að skáld eða pýðendur notist við hefðbundna ljóðahætti. Það mætti spyrja sig hvort þýðendur á borð við Jónas hafi átt auðveldara með að breyta háttum ljóða en þýðendur nútímans. Nú á dögum er svo auðvelt að nálgast upprunalegu útgáfuna að hugsanlega leggja þýðendur ekki í að gjörbylta ljóðum, nema þeir séu tilbúnir til þess að svara fyrir breytinguna. Hvort sem þýðandi gjörbyltir ljóði eða ekki þarf sköpunargáfa hans að vera mikil og bendir Ástráður Eysteinnsson á það í *Tvímælum* að sköpunargáfa ljóðapýðandans sé síst minni en skáldsins sjálfs og „sumum hentar jafnvel best að starfa í anda svo frjálsslegs samanburðar að þeir ögra sjálfu þýðingarhugtakinu“.<sup>21</sup> Slíkir þýðendur reyna fremur að ná fram anda ljóðs eða áhrifum heldur en að þýða textann, en þá er aftur spurning hvernig ljóðapýðandinn sem lesandi túlkar ljóðið. Frelsi ljóðapýðandans er vissulega mikið og jafnvel meira heldur en hjá öðrum þýðendum<sup>22</sup> en gildir þetta frelsi í öllum tilvikum ljóðapýðinga?

Tvímála útgáfur hafa ýmsa kosti í för með sér. Samanburður frumtextans og þýdda textans getur aukið mjög á upplifun lesandans því með samanburðinum gefst honum færi á að komast dýpra inn í textann, lesandinn hugsar um orðaval þýðandans og hugar um leið, ósjálf-rátt eða meðvitað, að orðavali höfundarins. Séu frumtexti og þýddi textinn lesnir jafnhliða má líka færa rök fyrir að lesturinn gagnist í tungumálanámi, hinn stöðugi samanburður frumtextans og þýdda textans og umhugsunin sem samanburðinum fylgir skilar sér í betri málvitund hjá lesandanum. En til þess að tvímála útgáfur gagnist að ráði í tungumálanámi verður þýðingin að fylgja frumtextanum fast eftir. Frjálssleg þýðing, sem breytir hugtökum og fleiru, er verri en engin ef meginmarkmiðið með lestrinum er að læra ný orð í nýju tungumáli.

Í tvímála bókum er frumtextinn til grundvallar því hann er til staðar í bókinni og hvorki þýðandi né lesandi komast undan honum með góðu móti. Lesandinn getur vissulega

---

<sup>19</sup> Þorsteinn Gylfason, „Að þýða söng,“ *Jón á Bægisá* 8/2004, bls. 165-169, hér bls. 165-166.

<sup>20</sup> Sjá: Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, bls. 122.

<sup>21</sup> Sama, bls. 138.

<sup>22</sup> Sama.



sleppt því að lesa frumtextann, og skilur hann hugsanlega ekki, en þýðandinn getur aldrei látið sem frumtextinn sé ekki í bókinni. Í mörgum tvímála ljóðabókum og skáldsögum er frumtextinn vinstra megin á opnunni en þýddi textinn hægra megin. Miðað var við lesvenjur hins vestræna heims, að lesa frá vinstri til hægri, má gera ráð fyrir að sá sem les bókina lesi fyrst frumtextann og svo þýðinguna. Þannig getur lesandinn byrjað sjálfur að túlka textann áður en hann les túlkun þýðandans á honum og hefur þar af leiðandi ákveðið forskot á þýðinguna. Hætt er við að lestur þýðingarinnar verði neikvæður vegna þessa forskots, það er að segja að lesandinn leiti fremur eftir því sem er illa þýtt heldur en því sem vel er gert í þýðingunni.

Neikvæður lestur er að öllum líkindum algengur við skjátextalestur, svo sambærilegt dæmi sé tekið. Hugsanlega er hinn neikvæði lestur ósjálfráður, því líkt og með frumtexta tvímála ljóðabókar er hinn talaði texti á skjánum meðtekinn á undan þýdda textanum þó svo að í tilviki skjátextans muni ekki nema nokkrum sekúndubrotum. Sjónvarpsáhorfandi heyrir það sem sagt er á erlendu tungumáli og les hinn íslenska texta nánast samtímis. Á sömu stundu fer fram ítarlegur samanburður, sé áhorfandinn nægilega fær í hinu erlenda máli. Höfundum skjátexta er sniðinn þröngur stakkur, textinn er knappur og staldrar stutt við á skjánum, en það forðar textanum ekki frá samanburði. Þýðandi skjátextans býr við þann veruleika að þýðing hans er í stöðugum samanburði við frumtextann og þar með er þýðingin berskjölduð. Í greininni „Þýðingar á íslenskum markaði“ er vandanum við skjáþýðingar lýst svo:

Skjáþýðingum fylgja alltaf tvö afar stór vandamál sem ekkert annað þýðingarform þarf að kljást við. Annars vegar er verið að þýða af einu málsniði yfir á annað, flytja talmál yfir lesmál. Slíkt getur verið erfitt, ekki síst þegar litið er á það knappa pláss sem þýðandinn hefur til að koma efninu til skila [...] Hins vegar hefur áhorfandinn alltaf frummálið fyrir framan sig um leið og hann les þýðinguna. Þannig getur hann, svo fremi að hann skilji frummálið, borið saman og vegið og metið gæði þýðingarinnar. Þýðandinn er alltaf undir smásjá áhorfandans mun meira en þeir sem fást við aðrar gerðir þýðinga.<sup>23</sup>

Þótt ljóðapýðingum sé ekki sniðinn eins þröngur stakkur og skjáþýðingum má finna nokkurn samhljóm á milli þessara tveggja forma. Í ljóðapýðingum er rýmið líka knappt, yfirleitt halda þýðendur forminu og lengja hvorki ljóðið né breyta, jafnvel þótt þeir hafi að nafninu til frelsi til breytinganna. Þar með eru þýðandanum settar ákveðnar skorður þegar kemur að lengd þýðingarinnar. Auk þess eru tvímála ljóðapýðingar lengur undir smásjá lesandans en skjátextinn, lesandi hefur meiri tíma til þess að finna villuna heldur en í skjátexta sem sést aðeins í stutta stund í sjónvarpinu.

---

<sup>23</sup> Auðna Hödd Jónatansdóttir og Rannveig Jónsdóttir, „Þýðingar á íslenskum markaði 2001,“ *Jón á Bægisá* 7/2003, bls. 47-94, hér bls. 79.

Þegar rætt er um skjátextaþýðingar er til safn brandara um þýðingarvillur og eiga margir sína upphaldsþýðingarvillu. Sjaldnar er rætt um það sem vel hefur tekist á skjánum. Umræðan um þýðingar er reyndar oft á þessum nótum, það er auðvelt að finna það sem misfórst í þýðingunni en erfiðara að benda á og orða það sem vel tókst. Þetta má til dæmis sjá í ritdómum um þýddar bókmenntir þar sem umsögnin um sjálfa þýðinguna verður oft á tíðum klaufaleg, ef ritrýnirinn man þá eftir því yfir höfuð að minnast á sjálfa þýðinguna.<sup>24</sup>

Þýðingar í tvímála ljóðabókum eru eins og skjáþýðingar að þessu leyti. Þær eru berskjaldaðar og liggja vel við höggi lesanda sem leitar fremur að villunni en snilldinni. Lesandi bókarinnar fær tíma til þess að leita uppi villurnar sem kunna að leynast í þýðingunni en að sama skapi fær hann líka tíma til þess að bera saman og læra af samanburðinum.

Öll ljóðin í *Birtunni í húminu* fóru reyndar í gegnum skjáþýðingaferli því í upplestri höfunda birtust allar þýðingar á skjá rétt eins og um sjónvarpstexta væri að ræða. Birtingin var stutt og miðaðist við að áheyrandi fylgdi skáldinu í lestri sínum. Í bókinni er lesandanum algjörlega í sjálfsvald sett hvernig hann ber sig að við lesturinn, hvort hann les fyrst íslensku þýðinguna eða enska frumtextann eða hvort hann lesi textana jafnvel saman, línu fyrir línu.

### ***Birtan í húminu: Um ljóðin***

Í *Birtunni í húminu* eru ljóð níu ljóðskálda, eins skosks og átta kanadískra og bandarískra í íslenskri þýðingu níu þýðenda. Hér verður fjallað um hvernig ljóðin voru valin í bókina.

Sérhvert Griffin-skáld var beðið að senda texta til Bókmenntahátíðar og átti textinn að taka fimmtán mínútur í upplestri líkt og gildi um aðra höfunda hátíðarinnar. Þessir textar voru allir á ljóðformi og því var erfitt að setja nákvæmari skilyrði um lengd. Tímalengdin varð að nægja. Líkt og gerðist með aðra hátíðarhöfunda sendu nokkrir Griffin-höfundanna alltof langa texta en það voru til skýringar á því.

Griffin-skáldin vissu af útkomu bókarinnar og að ljóðin yrðu öll þýdd. Þau gerðu sér líka grein fyrir að sum ljóð eru erfiðari en önnur í þýðingum og þess vegna brugðu nokkur skáldanna á það ráð að senda fleiri ljóð en við höfðum beðið um. Þýðandinn átti sjálfur að geta valið úr þau ljóð sem hann treysti sér best til þess að þýða eða þau sem mundu hljóma best á íslensku.

Ákveðið var fyrirfram að hvert skáldanna fengi fjórar til sex opnur í bókinni, frumtextinn yrði vinstra megin en þýðingin hægra megin. Þar sem ljóð skáldanna voru afar

---

<sup>24</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, bls. 16.

mismunandi að öllu leyti var erfitt að finna einhvern einn samnefnara sem mundi nýtast við valið í bókina. Í umfjöllun Úlfhildar Dagsdóttur um bókina sem birtist á Bókmenntavefnum kemur einmitt fram að ljóðin eru af ýmsu tagi:

Sú fjölbreytni sem einkennir ljóðin í **Birtan í húminu** gefur til kynna að dómnefndin fylgir engri ákveðinni stefnu í vali sínu, en ljóðin eru af ýmsu tagi, stutt, löng, prósar, bálkar, með og án titils. Sum eru pólitísk, önnur persónuleg, húnur er nokkuð áberandi, en hinn ljóðræni tregi er aldrei langt undan heldur. Helstu sameiginleg einkenni eru hraði, hreyfing og kraftur – sem gæti komið til af því að þetta er úrval fárra ljóða eftir hvern höfund.<sup>25</sup>

Val ljóðanna byggðist þannig fyrst og fremst á lengd þeirra en einnig á smekk okkar sem settu bókina saman. Var þá bæði horft á frumtextann og þýðinguna. Í tilviki Dons McKay voru til dæmis valin fjögur ljóð sem Magnús Sigurðsson þýddi: „Loss Creek“ („Illur lækur (Loss Creek)“), „Song of the Saxifrage to the Rock“ („Lofsöngur steinbrjótsins til bergsins“), „Dipper at Parkinson Creek“ („Fossbúi við Parkinson Creek“) og „Setting the Table“ („Lagt á borð“). Hið síðasttalda er ljóðabálkur sem inniheldur þrjú ljóð sem fór vel að hafa á þremur opnum. Á þann hátt hentuðu ljóð McKay vel á sex opnum.

Ljóð Michaels Ondaatje fóru einnig á sex opnum en hans ljóð voru öll mun lengri en ljóð McKay og voru á endanum valin þrjú ljóð. Fyrst kemur „The Cinnamon Peeler“ („Kanilflysjarinn“) sem er eitt af frægari ljóðum Ondaatje og er afbragðsvel þýtt af Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni. Hin tvö eru „Last Ink“ („Síðasta blekið“) og „The Great Tree“ („Hið mikla tré“). Fyllir hið fyrnefnda út í tvær heilar opnur bókarinnar en hin ljóðin tvö fara á eina og hálfu opnu hvort. Ljóðin sem Ondaatje sendi Bókmenntahátíðinni, og þau sem á endanum voru valin í bókina, eru öll frá mismunandi tímabilum af skáldferli hans, sem gerir hans hluta bókarinnar fjölbreyttan þrátt fyrir að innihalda eingöngu þrjú ljóð.

Skáldkonan Dionne Brand sendi heilan ljóðabálk upp á 32 blaðsíður. Ekki var hægt að birta hann allan í bókinni og eftir nokkra yfirlegu var ákveðið að birta fyrstu sjö blaðsíðurnar í þýðingu Kristínar Eiríksdóttur. Valið var nokkuð erfitt því engir punktar eru í lok málsgreina og er ljóðið eins og þula sem mælt er viðstöðulaust af munnni fram. Einu greinarmerkin sem skáldið notast við í ljóðinu eru kommur. Síðasta erindi ljóðabálksins sem birtast í bókinni er svona:

we do not deserve it, it's out of the blue,  
the sleeplessness at borders, the poor sunlight,  
the paralysed cars, they hate our freedom,  
they want the abominable food from our mouths<sup>26</sup>

<sup>25</sup> Úlfhildur Dagsdóttir, „Týnda ferðataskan“, 2009, <[http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat\\_id=383#Birtan %20%C3%AD%20húminu:%20ljóðaþýðingar](http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Birtan%20%C3%AD%20húminu:%20ljóðaþýðingar)>. Skoðað 16. nóvember 2009.

<sup>26</sup> Dionne Brand, Ljóð án titils, *Birtan í húminu*, Reykjavík: Bókmenntahátíð í Reykjavík, 2009, bls. 10-22, hér bls. 22.

við eigum þetta ekki skilið, það er út í bláinn,  
svefnleysið á mærunum, snautt sólskinið,  
lömuðu bílarnir, þau hata frelsið okkar,  
þau vilja viðbjóðslega fæðuna úr munnum á okkur<sup>27</sup>

Sá sem ekki les lengra í ljóðinu situr eftir með þessa óhugnanlegu mynd fyrir hugskots-  
sjónum. Ef hann læsi lengra gæti myndin hugsanlega breyst, hún gæti mildast en óhugnaður-  
inn gæti líka stigmagnast og orðið ennþá svæsnari. Hvað sem því líður hefur það óneitanlega  
áhrif á túlkun og upplifun lesanda að ritstjórar skyldu hafa tekið þá ákvörðun að skera á  
ljóðið á þessum stað. Vald ritstjórans í þessu samhengi er þannig hugsanlega meira en vald  
þýðandans. Það er ekki eingöngu þýðingin sjálf sem hefur áhrif á lesandann, heldur hefur  
sjálft birtingarformið mikið að segja og það er ritstjórinn sem tekur ákvörðun um birtingar-  
formið.

Skoska skáldið Robin Robertson á fimm ljóð í bókinni sem birtast á sex opnum í  
þýðingu Garðars Baldvinssonar. Það eru ljóðin „Holding Proteus“ („Haldið aftur af  
Próteifi“), „Ghost of a garden“ („Garðvofan“), „Aberdeen“ („Aberdeen“) „Abandon“ („Að  
fyrirgera“) og „Wedding the locksmith’s daughter“ („Að gifta dóttur lásasmiðsins“). Fyrsta  
ljóðinu fylgdi skýringartexti úr Ódysseifskviðu neðanmáls. Öll ljóðin sem skáldið sendi  
hefðu getað ratað í bókina því það var eitthvað í sérhverju þeirra sem höfðaði til ritstjórans.  
Lengdin á ljóðum hans, sem var helsti mælikvarðinn sem stuðst var við þegar efnið var valið,  
var einnig mátuleg og þurfti engar tilfæringar í uppsetningu til að koma ljóðunum á opnuna.

Kanadíski skáldið Jeremy Dodds á þrjú ljóð í bókinni. Aðspurður sagði hann að  
valið hefði verið erfitt fyrir hann og reyndar öll skáldin.<sup>28</sup> Griffin-skáldin áttu það sameigin-  
legt að hafa lesið öll ljóðin sem þau sendu áður á upplestrum áþekktum þeim sem Ljóða-  
laugardagurinn fól í sér. Þannig voru öll ljóðin sem lesin voru „örugg“, búið var að prófa þau  
á áheyrendum og skáldin voru þjálfuð í að lesa þau með tilþrifum.

Viðmiðið við valið var þannig að hluta til sjálfur flutningur ljóðsins, upplesturinn, en  
ekki birtingin í ljóðabókinni. Að mati Jeremy Dodds var valið erfitt því hann vissi ekki hvað  
mundi falla í kramið hjá áheyrendum. Hann valdi fyrst og fremst ljóð sem hljómuðu vel, en  
sum ljóða hans njóta sín betur í upplestri en á bók. Þar sem Dodds einblíndi svo sterkt á  
hljóminn gleymdi hann að hugsa út í að ljóðið yrði þýtt á íslensku. Með það í huga hefði  
valið orðið annað, en eitt af ljóðunum sem hann sendi nefnist „The Epileptic Acupuncturist“  
(„Flogaveiki nálastungumeistarinn“) og er uppfyllt af orðaleikjum. Fékk ungskáldið Emil

<sup>27</sup> Kristín Eiríksdóttir, Ljóð án titils, sama rit, bls. 11-23, hér bls. 23.

<sup>28</sup> Viðtal höfundar við Jeremy Dodds, 30. september 2009.

Hjörvar Petersen það erfiða verkefni að koma því yfir á íslensku en einnig fékk hann afsökunarbeiðni frá skáldinu sjálfu fyrir að hafa sent svo flókið ljóð til þýðingar.

„Flogaveiki nálastungumeistarinn“ var valið í ljóðabókina því það var bæði líflegt ljóð og fjörugt. Hin ljóðin tvö sem fylgdu því í bókina voru valin með út frá lengdarsjónarmiðinu, en sérhvert ljóða Jeramy Dodds hefði sómt sér vel í bókinni. Ljóðin tvö eru „Moorhen“ („Sefhæna“) og „The Easiest Way to Empty a Seashell is to Place It on an Anthill“ („Auðveldasta leiðin til að tæma skel er að leggja hana ofan á maurapúfu“) en það er ljóð sem lýsir píanóleik og inniheldur marga stutta kafla sem eru ein til þrjár ljóðlínur hver.

Eins og sjá má voru ljóðin fjölbreytt að umfangi og formi en efniviðurinn var ekki síður fjölbreyttur. Yrkisefnin eru stríð, gömul gæludýr, tré, ástin og gömul ferðataska svo fáein séu nefnd, einhvers konar endurrómur úr lífi sjálfra skáldanna og misjöfn eftir því. Skáldin sjálf eru ólík, þau koma frá ólíkum löndum, framandi heimshornum þótt Kanada-tengingin sameini þau öll, og hvert og eitt á sér fortíð. Þýðendurnir eru ekki síður fjölbreyttur hópur en um þá verður fjallað í næsta kafla.

## ***Birtan í húminu: Um þýðingarnar***

Níu ljóðapýðendur eiga þýðingar í bókinni og er reynsla þeirra af ljóðapýðingum mismikil. Þar sem skáldahópurinn var svo ólíkur innbyrðis og fjölbreyttur þurfti ekkert eitt einkenni að sameina þýðendurna, þeir koma úr öllum áttum en eru reyndar allir ljóðskáld. Þýðendur skáldsagna þurfa ekki að vera rithöfundar en einhvern veginn er eðlilegt að gera ráð fyrir að ljóðapýðandi nútímans hafi fengist við að yrkja sjálfur. Ljóðapýðingar snúast nefnilega um svo margt annað en tækni, þær þurfa að miðla ákveðinni skynjun og til þess að koma skynjuninni á framfæri þarf þýðandinn að hafa hið ljóðræna tungutak á hreinu.

Þýðendur brugðust almennt mjög jákvætt við þegar þeir voru beðnir að taka að sér verkið, en verkefnið var kynnt fyrir þeim í samtölum. Þýðendurnir kynntu sér höfundana lítilliga á netinu áður en þeir gáfu endanlegt svar. Einungis einn, sem hafði ætlað að þýða fyrir okkur, hætti við eftir að hann hafði fallist á það vegna þess að þegar til kastanna kom fannst honum viðkomandi höfundur ekki höfða nægilega til sín. Allir hinir stóðu við sitt og skiluðu af sér vel unnu verki á réttum tíma. Í staðinn fyrir þann sem hætti við var auðvelt að finna þýðanda til að hlaupa í skarðið. Það hefði sennilega verið erfiðara ef frummálið hefði verið eitthvað annað tungumál en enska, enda meira úrval þýðenda úr ensku en úr öðrum málum hérlendis.

Þýðendurnir voru eftirtaldir (skáldið sem þeir þýddu er tilgreint í sviga fyrir aftan): Kristín Eiríksdóttir (Dionne Brand). Hún er ljóðskáld og hefur meðal annars starfað með Nýhil og sent frá sér ljóðabækur. Ólöf Pétursdóttir (Robert Bringhurst) er afkastamikill ljóðabýðandi og hefur meðal annars gefið út ljóðabýðingar úr bretónsku og frönsku auk þess að sinna annars konar þýðingum og ritstörfum. Emil Hjörvar Petersen (Jeremy Dodds) hefur gefið út tvær ljóðabækur hjá útgáfufélaginu Nykri. Sjón (Carolyn Forché) er ljóðskáld og rithöfundur en hefur einnig fengist við þýðingar. Magnús Sigurðsson (Don McKay) er ljóðskáld og ljóðabýðandi. Hrafn Andrés Harðarson (Albert Frank Moritz) er ljóðskáld og ljóðabýðandi og hefur meðal annars þýtt úr lettnesku. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (Michael Ondaatje) er ljóðskáld og ljóðabýðandi og hefur til dæmis samið ljóð sérstaklega ætluð börnum. Garðar Baldvinsson (Robin Robertson) er ritstjóri og ljóðabýðandi og Sigurbjörg Þrastardóttir (Carolyn D. Wright) er ljóðskáld en hafði lítið fengist við ljóðabýðingar áður en hún þýddi fyrir *Birtuna í húminu*.

Ritstjórn þýðinganna var mismikil og fór hún eftir reynslu þýðandans sjálfs og eðli ljóðanna sem hann þýddi. Í flestum tilvikum lásu ritstjórar vandlega yfir þýðingu og báru saman við frumtexta. Við þann lestur fundust innsláttarvillur eða stafsetningarvillur sem voru lagaðar og einnig voru gerðar athugasemdir við orðalag á stöku stað. Einnig komu ritstjórar með breytingartillögur fyrir þýðendurna að taka afstöðu til, en í flestum tilvikum höfðu þýðendur fullt sjálfræði yfir textanum.

Meiri vinna var lögð í ritstjórn þeirra þýðinga sem birtust í bókinni heldur en þeirra þýðinga sem eingöngu var varpað á tjald á meðan á upplestri stóð. Varð að grípa til þess ráðs þar sem tíminn var af skornum skammti. Vegna anna við undirbúning hátíðarinnar urðu starfsmenn Bókmenntahátíðar að forgangsraða verkefnum sínum. Þegar kom að yfirlestri þýddu ljóðanna var ákveðið að ætla meiri tíma og vinnu við að ritstýra þeim þýðingum sem fóru í bókina. Þær þýðingar sem einungis birtust í skamma stund á tjaldi á meðan á upplestri stóð voru að sjálfsögðu lesnar vandlega yfir og sjáanlegar villur lagfærðar, en ekki var legið yfir þeim með sama hætti. Prentaður texti vegur þyngra en sá sem aðeins sést örskotsstund, áhorfendur hafa ekki tækifæri til að vega hann og meta þótt vissulega geti hann ráðið miklu um viðtöku þeirra ljóða sem verið er að lesa. Hinn prentaði texti getur aftur á móti verið lesinn aftur og aftur og því var það mat ritstjóranna að skynsamlegri væri að verja meiri tíma í yfirlestur á honum en hinum. Í einhverjum tilvikum sköruðust þó textahóparnir tveir.

Hrafn Andrés Harðarson þýddi sem fyrr segir Albert Frank Moritz. Moritz er kanadískur og hlaut Griffin-ljóðaverðlaunin árið 2009 fyrir bók sína *The Sentinel*. Að sögn

Hrafns eru viðfangsefni skáldsins í erfiðari kantinum og hann setur þau auk þess í þungan búning.<sup>29</sup> Hrafn átti í tölvupóstsamskiptum við skáldið á meðan á þýðingunni stóð og leitaði til Moritz til þess að fá útskýringu á einstaka orðum og bera upp vangaveltur sínar um efnið.

Hrafn vandaði til verksins og það skáldið oft á tíðum að skýra út orð sem hann þekkti merkinguna á, en það kom í ljós að sú merking var kannski ekki endilega sú sem Moritz var að vísa til. Við nánari athugun gat nefnilega verið um að ræða staðbundna notkun á allt annarri merkingu. Það var því mjög gagnlegt fyrir þýðandann að fá svo góðar upplýsingar frá skáldinu og kom í veg fyrir mistúlkanir og annað sem getur gerst vegna þess að þýðendur falla í þá gryfju að halda að þeir viti nákvæmlega hvað höfundurinn er að fara.

Einnig var nokkuð um vísanir í grísku harmleikina og Shakespeare í ljóðunum sem verða að fá að fylgja með í þýðingunni. Þessar vísanir eru hluti af ljóðinu sjálfu og mega ekki tapast í þýðingu. Þess vegna er mikilvægt að þýðandinn sé vel lesinn, líkt og skáldið sjálf, og komi auga á þessar vísanir eða fái leiðbeiningar um hvar þær séu að finna í ljóðinu svo hann geti sett þær í rétt samhengi í þýðingunni.

Hrafn bendir réttilega á að það er ekki hægt að vera „fullverseraður“ í Shakespeare eða í grísku harmleikjunum, ekki frekar en hinn almenni lesandi þekki Snorra eða Laxness til hlítar. Hann veltir því jafnframt fyrir sér hvort það sé til of mikils ætlast af lesandanum að þekkja allar tilvitnanir, þær eigi vissulega rétt á sér en verði að vera gagnsæjar og að lesendur þekki það sem býr að baki þeim. Þetta er athyglisverð hugleiðing hjá þýðandanum.

Verður ljóð betra ef lesandi skilur allar vísanir sem í því er að finna eða nýtur lesandinn þess betur á einhvern hátt? Lesandi sem kannast við ákveðnar línur á væntanlega auðveldara með að setja sig inn í textann og í kjölfarið fara hugrenningatengsl í gang sem byggð eru á þessum tilteknu línunum. Fyrir lesanda sem þekkir enga vísun gæti ljóðið hugsanlega virst vera orðaflaumur á blaði en hann er aftur á móti sjálfur eins og óskrifað blað og skynjun hans á ljóðinu verður algjörlega ný. Túlkun lesandans er aðalatriði og skáldið veit ekki fyrirfram hvaða áhrif ljóð muni hafa á þann sem les það. Skáldið veit heldur ekki hvort vísanirnar komist til skila. Þeir lesendur sem sjá þær eða þekkja, njóta þeirra, en hinir fá eitthvað annað í staðinn.

Eins og minnst var á hér að ofan fékk þýðandinn Emil Hjörvar Petersen afsökunarbeiðni frá skáldinu Jeramy Dodds fyrir að senda svo tyrfið ljóð til þýðingar. Ljóðið var „The Epileptic Acupuncturist“ („Flogaveiki nálastungumeistarinn“). Í textanum er að finna ótal

---

<sup>29</sup> Viðtal höfundar við Hrafn Andrés Harðarson. 6. nóvember 2009.

vísanir, tvírædni og orðaleiki og komst þýðandinn frá verkinu með sóma. Þetta tiltekna ljóð var það ljóð í bókinni sem fékk mesta athygli ritstjóra og vöknudu ýmsar vangaveltur um þýðingar við verkið, sérstaklega um eðli þýðinga og orðaleiki sem nánar verða raktar hér á eftir.

Orðaleikir eru aðaleinkenni ljóðsins. Í eftirfarandi ljóðlínunum má sjá dæmi um nokkra slíka: „You can't shoot / your mouth off if you're out of earshot. / Let bylaws be bygones, don't mind / your own business into the ground, / all that glitters is not cold to the touch.“<sup>30</sup> Í þýðingu Emils Hjörvars eru þessar ljóðlínur á eftirfarandi hátt: „Þú getur ekki rifið / kjaft við hvert tækifæri ef þú ert ekki í kallfæri. / Látum hjálög líða hjá, ekki hugsa / um sjálfa þig alveg ofan í svörðinn, / ekki er allt kalt sem glóir“ (bls. 41).

Í þessum línunum reynir þýðandinn að ná fram leiknum í textanum. Orðasambandið „Hjálög líða hjá“ eru dæmi um þýðingu sem nær vel fram anda ljóðsins fremur en beinni merkingu en það kemur afskaplega vel út í þessu samhengi. Þýðandinn kys að leika sér að orðum í stað þess að þýða beint og er þar með trúr eðli ljóðsins sem er uppfyllt af leik og leikgleði. Eins er „ekki er allt kalt sem glóir“ ágæt þýðing á „all that glitters is not cold to the touch“ og kemst tilvísunin í málsháttinn til skila í þýðingunni, jafnvel þótt „kalt“ rími ekki við „gull“ en í frumtextanum er greinilega brugðið á leik með að „cold“ rímar við „gold“.

Á einum stað í ljóðinu er talað um lyklabörn: „True, I'd drop / a latch-key kid off at an open-cast mine [...]“ (bls. 40). Á íslensku er þessi sama lína svona: „Satt, ég myndi hleypa / lyklabarni út við kolanámustöð [...]“ (bls. 41). Við lesturinn komu upp í hugann myndir af Lyklabarni Andrésar Indriðasonar, Breiðholtið í byggingu, hálfbyggð hús, tómir húsgrunnar. Ný hverfi í byggingu sem standa auð. Heim úr skólanum klukkan þrjú, opna með lykli sem var í teygju um hálsinn. Vont þegar lykillinn skall í hökuna þegar hann var tekinn úr lásnum aftur, of stíf teygja.

„Kolanámustöð“ segir hins vegar lítið og kallar ekki fram hugrenningatengsl sem eru skyld „lyklabarninu“. Vissulega er kolanámustöð hættuleg og sérstaklega er hún hættuleg börnum sem ekki gæta að sér. En kolanámustöðin tengist ekki íslenskum raunveruleika og maður spyr sig hvort nær hefði verið að notast hér við yfírfærða merkingu. Í stað kolanámu-stöðvarinnar hefði verið hægt að nota „grjótnámu“ eða jafnvel „opna húsgrunna“ sem eru mjög til staðar í íslenskum raunveruleika og einmitt afar hættulegir börnum að leik. Með slíku orðavali væri hins vegar farið töluvert langt frá orðum upprunalega ljóðsins og spurning

---

<sup>30</sup> Jeremy Dodds, „The Epileptic Acupuncturist“, *Birtan í húminu*, Reykjavík: Bókmenntahátíð í Reykjavík, 2009, bls. 40.



hvort þýðandinn, sem er vissulega berskjaldaður gagnvart lesandanum, hefur viljað taka þá áhættu að fá á sig þann stimpil að hann þýði hreinlega vitlaust, „open-cast mine“ þýði „kolanámustöð“ en ekki „opinn húsgrunnur“.

Ein lína í þessu sama ljóði er í frumtextanum svona: „You’ve got to be half in the bag / all the way to the bank“ (bls. 40). Á íslensku hljóðar hún svo: „Þú verður að vera létt svínkuð / alla leið í bankann“ (bls. 41). Þegar ljóðin voru þýdd sumarið 2009 var svínaflensan enn ekki farin að geisa á Íslandi en það mætti vel ímynda sér að þegar þessar þýðingar verða lesnar síðar verði þetta lýsingarorð „svínkaður“ tengt við flensuna þótt það hafi í raun ekkert með hana að gera. Í þessu samhengi er orðið notað til lýsa áhrifum áfengis en ekki veikindum af völdum flensunnar.

Vangaveltur sem þessar spretta sífellt upp í tengslum við þýðingar og er það ýmist þýðandans sjálfs að taka afstöðu til þeirra, yfirlesara eða ritstjóra. Starf ritstjórans hlýtur meðal annars að fela í sér ábendingar um hvenær megi ganga lengra í þýðingunni og hver séu mörk þýðandans. Ritstjórinn er milliliður lesandans og þýðandans og er oft á tíðum eins og talsmaður lesandans. Sem talsmaður lesanda lætur ritstjóri vita ef eitthvað er óljóst í þýðingu eða til þess fallið að valda misskilningi. Ritstjórinn er líka nokkurs konar milliliður þýðandans og höfundarins, ritstjóri getur tekið sér það vald að ákveða hvað sé rétt túlkun þýðanda og er þannig kominn í hálfgerð höfundarhlutverk. Ef við setjum ritstjóran inn í boðskiptakeðjuna (sendandi-skilaboð-viðtakandi) sem nefnd var hér á undan og er tvöföld í tilviki þýðinga, flækist keðjan til muna og ferillinn lengist:

- Venjuleg boðskiptakeðja: höfundur–texti–lesandi
- Tvöföld boðskiptakeðja í þýðingu: höfundur–texti–þýðandi > þýðandi–texti–lesandi
- Boðskiptakeðja í þýðingu með ritstjóra: höfundur–texti–ritstjóri/þýðandi > ritstjóri/þýðandi–texti–lesandi.

En ritstjórinn hefur ótal önnur verkefni á sinni könnu við vinnslu bókar og mun nú fjallað um þau í síðasta kafla ritgerðarinnar.

## Útlit ljóðabókar

Ljóðabækur eru oft litlar um sig og láta lítið yfir sér. Brotið er minna en á venjulegri skáld sögu og ljóðabækurnar eru yfirleitt þynnri. Þegar lagt var af stað með *Birtuna í húminu* var fengið tilboð í prentunina og miðaðist það tilboð við stærðina A5 en í raun er bókin eilítið minni um sig en það.

Stærð bókarinnar ákvarðast einnig af blaðsíðufjölda hennar. *Birtan í húminu* er 132 tölusettar blaðsíður en að auki eru tólf auðar síður aftast. Ljóðabókin er hefðbundin í uppsetningu, það er að segja í henni er að finna titilsíðu, upplýsingar um útgáfuna og efnisyfirlit auk ljóðanna sjálfra og umfjöllunar um Griffin-skáldin sem einnig hafði birst í dagskrárþæklingi og á heimasíðu Bókmenntahátíðar. Utan um allt þetta er kápan.

Útlit bókarinnar var unnið í samráði við umbrotsmann, Hall Guðmundsson, en endanleg ákvörðun um útlit liggur hjá útgefendum bókarinnar, Bókmenntahátíð í Reykjavík, sem í þessu tilviki voru einnig ritstjórar hennar. Samstarfinu við umbrotsmanninn var þannig háttað að lagðar voru fram ákveðnar hugmyndir sem hann vann eftir og sýndi svo umsjónarmönnum útgáfunnar. Fór bókin fram og aftur í þessu ferli uns viðunandi niðurstaða náðist.

Kápumynd var valin úr myndum íslensks ljósmyndara, Snorra Gunnarssonar, sem búsettur er í Kanada. Byrjað var að skoða þrjár myndir sem allar voru teknar í Kanada, heimalandi ljóðanna, og þær voru allar bornar saman við ákveðna kápuhönnun þar sem myndin nær yfir hálfu forsíðuna en á efri helmingi er autt svæði í tiltölulega hlutlausum lit þar sem fram kemur titill bókarinnar. Síðar var kápunni reyndar breytt og ákveðið að láta myndina ná yfir alla forsíðuna sem kom betur út.

Titill bókarinnar, *Birtan í húminu*, var valinn áður en kápumyndin var ákveðin en er jafnframt afar lýsandi fyrir myndina sjálfu sem sýnir einmitt birtu í húmi. Titillinn var fundinn með því að lesa í gegnum ljóðþýðingarnar og finna línu eða orð sem gætu sómt sér á forsíðunni. Titillinn fannst í ljóðþýðingu Aðalsteins Ásbergs á ljóði Michaels Ondaatje „Síðasta blekið“ („Last Ink“): „– birtan í húminu, skýjafarið / skráð um eilífð í hjarta þér“.<sup>31</sup> Í útgáfu höfundar hljómar þessar sömu línur svona: „– the dusk light, the cloud pattern, / recorded always in your heart“ (bls. 92).

Stundum er talað um að ekki eigi að dæma bók eftir kápumyndinni. Það væri óskandi að hægt væri að dæma bókina eftir kápunni í þessu tilviki því ytra útlitið er glæsilegt en um leið og lesandi kemur að ljóðunum kemur babb í bátinn, uppsetningin er ekki nógu góð.

---

<sup>31</sup> Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, „Síðasta blekið“, *Birtan í húminu*, bls. 93.

Mörg ljóðanna í bókinni, sem eru afar fjölbreytt að lengd, ná langt út á spássíurnar svo að útlitið verður hálfklúðurslegt á köflum. Styttri ljóðin koma ágætlega út hvað spássíurnar varðar en lenda helst til djúpt inni í kilinum svo lesandi þarf að opna bókina vel og vandlega ætli hann að lesa íslensku þýðinguna, sem liggur hægra megin á opnunni, mjög nálægt kilinum. Spássíurnar voru auk þess ítrekað víkkaðar vegna línulengdar ljóðanna.

Þessa galla hefði vanur ritstjóri átt að sjá strax. Umbrotsmaður skilaði af sér próförk með skurðarmerkjum, svo að þótt bókinn væri ekki skorin átti að sjást hvar yrði skorið, en engu að síður kveiktu ritstjórar ekki á þerunni hvað þetta varðar. Niðurstaðan varð að umbrotið, sem undir venjulegum kringumstæðum miðast að því að gera lesandanum auðvelt fyrir, þvælist fyrir honum í gegnum alla bókina. Ekki er við umbrotsmanninn að sakast í þessum efnum, heldur einungis reynsluleysi ritstjórnanna og útgefendanna sem ávallt hafa lokaorðið þegar kemur að útliti bókar eins og þessarar.

Eftir á að hyggja hefði einnig mátt birta upplýsingar um ljóðapýðendurna sjálfa. Eins og sagði í inngangskafla um ljóðabókina fær ljóðapýðandi, ef einhver er, þrjá fimmtu hluta verðlaunafjárins en ljóðskáldið fær tvo fimmtu hluta þess. Í anda ljóðaverðlaunanna hefði átt að gera þýðendunum hærra undir höfði en gert var í *Birtunni í húminu*. Nafn þeirra kemur eingöngu fram á baksíðu bókarinnar og undir nafni ljóðskáldsins inni í bókinni og miðað við alla þá vinnu sem þeir lögðu á sig við verkið hefði það verið afar viðeigandi að birta sams konar upplýsingar um þá eins og voru um skáldin aftast í bókinni.

*Birtan í húminu* kom úr prentsmiðju í byrjun september og var prentuð í 250 eintökum. Bókin var seld í Bókakaffi Eymundsson í kjallara Norræna hússins og auk þess fékkst hún í bókabúðum Eymundsson víða á höfuðborgarsvæðinu. Sölusamningar voru gerðir við Eymundsson og þurfti í því samhengi að ákvarða verð og búa til stuttan kynningartexta um bókina:

Birtan í húminu er safn samtímaljóða úr Vesturheimi. Hér ljúkast upp furður kanadískrar náttúru í bland við heitar tilfinningar og veruleikinn er ekki allur þar sem hann sýnist. Í haustmyrkrinu heyrast raddir frá löngu liðnum tímum og fjarlægum stöðum; kanilflysjarar, lásasmiðir, nálastungumeistarar, fossbúar og aðrar kynja-verur stíga á stökk og leiða lesandann inn í heim ólgandi ástríðna og ógna, erótíkur og hryllings, gleði og sorgar.<sup>32</sup>

Bókin var síðan send út til helstu fjölmiðla; Kiljan fékk eintak, Víðsjá, Fréttablaðið og Morgunblaðið fengu eintök en umfjöllunin af hendi þessara miðla varð heldur rýr. Þó var fjallað um hana í Lesbók Morgunblaðsins 5. september 2009 sem helguð var Bókmenntahátíð

---

<sup>32</sup> Birtan í húminu, <<http://www.eymundsson.is/pages/307?itemID=BOM9789979706182>>. Skoðað 16. nóvember 2009.

í Reykjavík að stórum hluta. Ein umfjöllun birtist um bókina á Bókmenntavefnum og var um-sögnin nokkuð jákvæð.<sup>33</sup>

Í heild eru aðstandendur ljóðabókarinnar sáttir við viðtökurnar en *Birtan í húminu* náði því að komast tíunda sæti á aðallista íslenskra bóka í Eymundsson í vikunni 9.-15. september 2009. Griffin-hópurinn tók auk þess með sér hluta upplagsins til Kanada og enn á eftir að selja eintök til bókasafna landsins.

Aðstandendur bókarinnar eru einnig nokkuð sáttir við hvernig til tókst með útgáfuna ef frá eru taldir þeir vankantar við umbrotið sem nefndir voru hér að ofan. Gallarnir veða óneitanlega nokkuð þungt því þeir gera lesandanum erfitt fyrir og geta skyggt á gleðina sem falist getur í lestrinum. Umbrotið á nefnilega ekki að gera lesandanum erfitt fyrir heldur á það þvert á móti að auðvelda lesandanum að meðtaka textann á sem þægilegastan hátt og gera lestrarupplifunina sem ánægjulegasta fyrir hann.

Þrátt fyrir nokkra hnökra á umbroti ljóðabókarinnar er þó ekki annað hægt en að fagna útgáfu hennar. Oft er talað um mikilvægi þess að helstu verk bókmenntasögunnar séu þýdd á íslensku og er þá jafnan átt við skáldsögur. Ljóðapýðingar eru ekki síður mikilvægar fyrir Íslendinga og bók sem þessi er því kærkomin viðbót í þá flóru. Í bókinni eru saman-komin ljóð mikilla skálda sem öll tengjast hinum virtu Griffin-ljóðaverðlaunum og það var með mikilli ánægju sem bókin var gefin út, enda gefst ekki oft tækifæri til þess að gefa út heila bók með ljóðapýðingum eingöngu.

## **Lokaorð**

Þeir sem stunda sjósund þekkja vel þann nístingskulda sem læsist um líkamann þegar stokkið er út í. Sú tilfinning er engri lík, því þótt sjórin sé kaldur er hann hressandi og sundmaðurinn er ekki samur á eftir.

Ferlið við ritstjórn ljóðabókarinnar *Birtunnar í húminu* var að sumu leyti eins og að stinga sér út í ískaldan sjó. Í fyrstu vissi ég ekki við hverju ég átti að búast eða til hvers var ætlast af mér. Ég kunni ekki að ritstýra ljóðabók, það var enginn búinn að kenna mér það, og því varð ég að læra það á eigin skinni hvernig best væri að fara að því.

Vissulega urðu mér á mörg mistök eins og afraksturinn sýnir en ýmislegt gekk þó vel. Ljóðin sjálf eru til dæmis afskaplega vel gerð enda er það stórkostlegur hópur skálda sem

---

<sup>33</sup> Úlfhildur Dagsdóttir, „Týnda ferðataskan,“ <[http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat\\_id=383#Birtan%20%C3%AD%20húminu:%20ljóðapýðingar](http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Birtan%20%C3%AD%20húminu:%20ljóðapýðingar)>. Skoðað 16. nóvember 2009.

á verk í bókinni. Enn fremur er þýðendahópurinn prýðilegur og innan hans er jafnvægi milli reyndra þýðenda og þeirra sem hafa litla reynslu. Einhvers staðar verða nýir og ungir þýðendur að hefja feril sinn og einhver verður að gefa þeim tækifæri til þess.

Hlutverk ritstjórans er að mörgu leyti eins og hlutverk verkefnastjórans en ritstjórinn hefur þó öllu meiri völd en hinn. Báðir þurfa þeir að hafa yfirsýn yfir sviðið og sjá til þess að öll atriði komi saman á réttum tíma til þess að mynda heildina sem lagt var upp með í byrjun. Á leiðinni að settu marki eru þó margar spurningar sem vakna og mörg atriði sem ritstjórinn þarf að taka afstöðu til. Leiðin getur þannig orðið torsótt en ófær verður hún aldrei því í þessu tilviki var það óumflýjanlegt að bókin kæmi út á endanum. Það var aldrei í boði að gefast upp á miðri leið.

Í störfum mínum sem verkefnastjóri fyrir Bókmenntahátíð í Reykjavík árið 2009 lærði ég ýmislegt. Fyrirfram kunní ég ekki að vera verkefnisstjóri en þá var um að gera, líkt og í ritstjórninni, að láta vaða. Verkefnisstjórinn útfærði ýmis atriði, hafði ákveðið framkvæmdavald en fylgdi þó bara eftir ákvörðun stjórnar. Stjórn Bókmenntahátíðar gat virkað sem ákveðinn björgunarhringur í þessu sambandi, ef verkefnisstjórinn var farinn af leið gat stjórnin dregið hann á land aftur.

Skipulagning Bókmenntahátíðar í ár gekk afar vel og nánast snurðulaust fyrir sig. Óvæntum afboðunum var bjargað fyrir horn og athygli gesta beint að einhverju allt öðru á meðan unnið var að lausn ótal vandamála á bakvið tjöldin. Þannig tel ég að gestir hátíðarinnar hafi haft það á tilfinningunni að Bókmenntahátíðin gengi eins og smurð vél. Hún gerði það upp að ákveðnu marki, en einhverjir þurftu þó að halda vélinni gangandi daga og nætur í heila í viku.

Eftir stendur hin frábæra reynsla sem ég öðlaðist í sumarvinnunni og sú fullvissa að þrautseigja, skipulagning og sveigjanleiki séu lausn flestra vandamála. Tilfinningin sem situr eftir vinnutörn sumarsins er ekki ósvipuð og tilfinningin að loknu sjósundi. Reynslan var hressandi og verkefnastjórinn er ekki samur á eftir.

## **Heimildaskrá**

### **Prentaðar heimildir**

Auðna Hödd Jónatansdóttir og Rannveig Jónsdóttir, „Þýðingar á íslenskum markaði 2001,“  
*Jón á Bægisá* 7/2003, bls. 47-94.

Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996.

*Birtan í húminu*, ýmsir höfundar og þýðendur, ritstjórar: Hjalti Snær Ægisson og Stella Soffía Jóhannesdóttir, Reykjavík: Bókmenntahátíð í Reykjavík, 2009.

Helgi Hálfðanarson, „Heilsaði hún mér drottningin,“ *Molduxi*, Reykjavík: Mál og menning, 1998, bls. 84-96.

Helgi Hálfðanarson, „Ögn um þýðingar,“ *Molduxi*, bls. 133-138. Reykjavík: Mál og menning, 1998, bls. 133-138.

Úlfhildur Dagsdóttir „Týnda ferðataskan.“ <[http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat\\_id=383#Birtan%20%C3%AD%20húminu:%20ljóðapýðingar](http://bokmenntir.is/displayer.asp?cat_id=383#Birtan%20%C3%AD%20húminu:%20ljóðapýðingar)>, 2009. Skoðað 16. nóvember 2009.

Þorsteinn Gylfason, „Að þýða söng“ *Jón á Bægisá*, 8/2004, bls. 165-169.

### **Viðtöl höfundar**

Jeremy Dodds. 30. september 2009.

Hrafn Andrés Harðarson. 6. nóvember 2009

